ISSN 1670-5556

Vífill Karlsson

Hagvísir Vesturlands

# Atvinnulíf á Vesturlandi

## Vægi lykilatvinnugreina á Vesturlandi

Skýrsla nr. 1 2025

**Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi**

# EFNISYFIRLIT

Töflur ... 1
1 Samandregnar niðurstöður ... 2
2 Inngangur ... 4
3 Hagfræðin um fyrirtæki úti á landi ... 4
4 Gögnin ... 8
5 Aðferð ... 8
6 Vægi nokkurra atvinnugreina meðal sveitarfélaga ... 9
6.1 Fiskveiðar og fiskvinnsla ... 9
6.2 Ferðaþjónusta ... 11
6.3 Iðnaður án fiskvinnslu ... 13
6.4 Landbúnaður ... 15
6.5 Hið opinbera ... 17
6.6 Fiskeldi ... 19
7 Hversu líkt eða ólíkt vægi hafa atvinnugreinar eftir sveitarfélögum? ... 21
8 Vægi nokkurra atvinnugreina meðal landshluta ... 22
9 Sveitarfélög Vesturlands og mikilvægustu atvinnugreinar þeirra ... 23
9.1 Akraneskaupstaður ... 23
9.2 Hvalfjarðarsveit ... 24
9.3 Skorradalshreppur ... 25
9.4 Borgarbyggð ... 26
9.5 Eyja- og Miklaholtshreppur ... 27
9.6 Grundarfjarðarbær ... 28
9.7 Sveitarfélagið Stykkishólmur ... 29
9.8 Snæfellsbær ... 30
9.9 Dalabyggð ... 31
10 Viðauki ... 32
10.1 Sjávarútvegur 2024 ... 32
10.2 Sjávarútvegur 2017-2024 ... 33
11 Heimildaskrá ... 34

# TÖFLUR


TAFLA 1: VÆGI FISKVEIÐA OG FISKVINNSLU Í ÚTSVARSGRUNNI SVEITARFÉLAGA 2024. ....... 10
TAFLA 2: VÆGI FERÐAÞJÓNUSTU Í ÚTSVARSGRUNNI SVEITARFÉLAGA 2024. ....... 11
TAFLA 3: VÆGI IÐNAÐAR ÁN FISKVINNSLU Í ÚTSVARSGRUNNI SVEITARFÉLAGA 2024. ....... 13
TAFLA 4: VÆGI LANDBÚNAÐAR Í ÚTSVARSGRUNNI SVEITARFÉLAGA 2024. ....... 15
TAFLA 5: VÆGI HINS OPINBERA Í ÚTSVARSGRUNNI SVEITARFÉLAGA 2024. ....... 17
TAFLA 6: VÆGI FISKELDIS Í ÚTSVARSGRUNNI SVEITARFÉLAGA 2024. ....... 19
TAFLA 7: VÆGISSPÖNN OG STAÐALFRÁVIK VÆGIS SEX ATVINNUGREINA Á ÍSLANDI 2024 ....... 21
TAFLA 8: VÆGISSPÖNN OG STAÐALFRÁVIK VÆGIS SEX ATVINNUGREINA Á ÍSLANDI 2017-2024. ....... 21
TAFLA 9: FJÖLDI SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI FYRIR OFAN OG NEÐAN MIÐGILDI ALLRA SVEITARFÉLAGA 2024. ....... 21
TAFLA 10: VÆGI SEX ATVINNUGREINA Í ÚTSVARSGRUNNI SVEITARFÉLAGA EFTIR LANDSHLUTUM 2024. ....... 22
TAFLA 11: VÆGI VALINNA ATVINNUGREINA Í ÚTSVARSGRUNNI AKRANESKAUPSTAÐAR ....... 23
TAFLA 12: VÆGI VALINNA ATVINNUGREINA Í ÚTSVARSGRUNNI HVALFJARÐARSVEITAR ....... 24
TAFLA 13: VÆGI VALINNA ATVINNUGREINA Í ÚTSVARSGRUNNI SKORRADALSHREPPS ....... 25
TAFLA 14: VÆGI VALINNA ATVINNUGREINA Í ÚTSVARSGRUNNI BORGARBYGGÐAR ....... 26
TAFLA 15: VÆGI VALINNA ATVINNUGREINA Í ÚTSVARSGRUNNI EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPS ....... 27
TAFLA 16: VÆGI VALINNA ATVINNUGREINA Í ÚTSVARSGRUNNI GRUNDARFJARÐARBÆJAR ....... 28
TAFLA 17: VÆGI VALINNA ATVINNUGREINA Í ÚTSVARSGRUNNI SVEITARFÉLAGSINS STYKKISHÓLMUR ....... 29
TAFLA 18: VÆGI VALINNA ATVINNUGREINA Í ÚTSVARSGRUNNI SNÆFELLSBÆJAR ....... 30
TAFLA 19: VÆGI VALINNA ATVINNUGREINA Í ÚTSVARSGRUNNI DALABYGGÐAR ....... 31
TAFLA 20: VÆGI SJÁVARÚTVEGS Í ÚTSVARSGRUNNI SVEITARFÉLAGA 2024. ....... 32
TAFLA 21: VÆGI SJÁVARÚTVEGS Í ÚTSVARSGRUNNI SVEITARFÉLAGA 2017-2024. ....... 33

# 1 SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR

Hér verða niðurstöður dregnar saman í mjög stuttu máli. Í þessum hagvísi er vægi nokkurra lykilatvinnugreina skoðað í sveitarfélögum á Vesturlandi.

Landið

- Hagsmunir sveitarfélaga eru ólíkastir í sjávarútvegi af þessum sex atvinnugreinum sem voru til skoðunar í þessum hagvísi. Það þýðir að vægi atvinnugreinarinnar er ólíkast frá einu sveitarfélagi til annars. Þau eru því mis háð þessari atvinnugrein og breytileikinn er hvergi meiri (Tafla 7 og Tafla 8). Ferðaþjónustan er önnur í þeirri röð og svo iðnaður án fiskvinnslu. Tekið skal fram að þetta eru sex mikilvægustu atvinnugreinar landsbyggðarinnar og útskýra að jafnaði yfir 80% af útsvarstekjum sveitarfélaga.
- Á landsvísu, skilar hið opinbera stærstum hluta útsvars til sveitarfélaga á landinu öllu en iðnaður án fiskvinnslu kemur þar næst á eftir (Tafla 10).

Vesturland heilt yfir

- Athygli vekur hvað Vesturland á mörg sveitarfélög bæði í þremur efstu og neðstu sætum landssamanburðarins (Tafla 1 til Tafla 6). Snæfellsbær hampaði öðru sæti í sjávarútvegi og því efsta í fiskveiðum en Skorradalshreppur var í því neðsta í sjávarútvegi. Eyja- og Miklaholtshreppur var í þriðja efsta í ferðaþjónustu. Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit voru í þremur efstu sætunum í iðnaði án fiskvinnslu og Snæfellsbær og Eyja- og Miklaholtshreppur í þremur neðstu. Þá var Eyja- og Miklaholtshreppur í öðru sæti í vægi landbúnaðar. Skorradalshreppur og Dalabyggð voru í tveimur efstu sætunum í vægi hins opinbera en Snæfellsbær í þriðja neðsta. Þá voru Skorradalshreppur og Eyja- og Miklaholtshreppur í neðsta sæti er varðar vægi fiskeldis ásamt reyndar 17 öðrum sveitarfélögum með ekkert (0) vægi. Á þessu má sjá að uppbygging atvinnulífs á Vesturlandi er býsna ólík milli sveitarfélaga. Það gefur m.a. vísbendingar um að breytingar í ytra rekstrarumhverfi þeirra kemur mis hart niður á þeim.
- Þær sex atvinnugreinar sem til greiningar voru í þessu riti útskýrðu a.m.k. 80% af útsvarstekjum sveitarfélaga á Vesturlandi (Tafla 10).
- Vesturland er hlutfallslega sterkast í sjávarútvegi, landbúnaði og hinu opinbera þegar sveitarfélög þess eru borin saman við önnur á landinu. Þá er horft til fjölda þeirra sveitarfélaga í landshlutanum sem eru fyrir ofan miðgildi allra sveitarfélaga (Tafla 9). Það gefur vísbendingar um hversu vel vægið dreifist um landshlutann – þ.e. hversu atvinnulíf landshlutans er fjölbreytt og ólíkt á milli sveitarfélaga. Þegar stuðst er við heildarútsvarsgreiðslur (vegið meðaltal landshlutans) þá er Vesturland sterkast í iðnaði án fiskvinnslu borið saman við aðra landshluta (Tafla 10). Það sýnir heildarvirði atvinnugreinarinnar án tillits til hvernig það dreifist landfræðilega innan Vesturlands.
- Sé horft á Vesturland eingöngu þá raungerir hið opinbera stærsta hluta útsvarstekna vestlenskra sveitarfélaga eða 31,8% (Tafla 10) og þá aftur ekki tekið tillit til þess hvernig sú atvinnugrein dreifist um landshlutann allan.

Sveitarfélög Vesturlands:

- Akraneskaupstaður er mesta iðnaðarsveitarfélag Vesturlands og í reynd landsins ásamt Hvalfjarðarsveit og Árneshreppi á Ströndum (Tafla 11). Hið opinbera vigtar einnig þungt. Þetta fyrrum mikla sjávarútvegssamfélag tapar ennþá hlut sínum í sjávarútvegi. Veiðarnar eru samt lítið eitt stærri en vinnslan. Ferðaþjónusta er með óvenju litla vigt m.v. staðsetningu.
- Hvalfjarðarsveit er nauðalíkt Akraneskaupstað að atvinnuuppbyggingu þar sem iðnaður án fiskvinnslu vegur þyngst út af Grundartanga (Tafla 12 og Tafla 11). Hið opinbera kemur

næst á eftir að vigt og svo raðast atvinnugreinarnar eins og í Akraneskaupstað, enda sama vinnusóknarsvæði. Áhugavert að sjá þetta fyrrum landbúnaðarsamfélag vera orðið stærra í sjávarútvegi en landbúnaði en með þeim fyrirvara sem ber að hafa um þessar tölur og fjallað er um í kaflanum um gögnin.

- Skorradalshreppur bar höfuð og herðar yfir öll önnur sveitarfélög á landinu í vægi hins opinbera (Tafla 13). Einnig kom á óvart hversu hátt vægi störf í iðnaði án fiskvinnslu hafði í sveitarfélaginu. Fámenni getur reyndar myndað óvenjulega ýktar útkomur í svona samanburði en vægi þessara tveggja atvinnugreina er nokkuð stöðugt ef 2024 er borið saman við tímabilið 2017-2024. Landbúnaður gefur eftir sem og ferðaþjónusta.
- Borgarbyggð er frekar stórt í iðnaði án fiskvinnslu og ferðaþjónustu einkum ef bornar eru saman sætistölur á landsvísu en þar er sveitarfélagið í 10. og 15. sæti (Tafla 14). Hið opinbera er stórt en þar er Borgarbyggð í 23. sæti ofan frá í samanburði við önnur sveitarfélög. Atvinnulífið er vel dreift á milli ólíkra atvinnugreina sem verður að teljast hraustleikamerki m.v. stærð vinnumarkaðarins.
- Eyja- og Miklaholtshreppur er þriðja stærsta ferðaþjónustu sveitarfélag landsins eftir að tekið var tillit til stórrar villu í atvinnugreinaflokkun þar (Tafla 15). Þá var það í öðru sæti á landsvísu yfir vægi landbúnaðar. Hið opinbera gaf mikið eftir sem rakið verður að mestu til stöðvunar á rekstri Laugagerðiskóla.
- Grundarfjarðarbær er fimmta í röðinni á landsvísu þegar horft er til vægis sjávarútvegs (Tafla 16). Hann raðast rétt fyrir neðan miðju varðandi vægi hins opinbera en í 20. sæti í fiskeldi þó svo vægi þess sé ekki nema 0,6% af heildinni.
- Hið opinbera vigtaði þyngst í þessum tölum hjá Sveitarfélaginu Stykkishólmi eða 40% og hafði hækkað (Tafla 17). Þetta var hátt í samanburði við önnur sveitarfélög þar sem sveitarfélagið var í 9. sæti árið 2024 og hafði unnið þrjú sæti frá meðaltali tímabilsins 2017-2024. Á óvart kom hvað þetta fyrrum iðnaðarmannasamfélag mældist lágt í iðnaði án fiskvinnslu og rataði þar í 50. sæti af 62. Ferðaþjónusta mældist hins vegar há 12,3% og gaf það 16. sæti.
- Sjávarútvegur er lang mikilvægasta atvinnugrein Snæfellsbæjar og vermdi hann annað sæti meðal allra sveitarfélaga landsins (Tafla 18). Vægi hans lækkaði lítið eitt 2024 í samanburði við tímabilið 2017-2024 en sætið breyttist ekki. Hið opinbera vó 21,3% en skilaði Snæfellsbæ samt bara 59. sæti á landsvísu. Ferðaþjónusta er vaxandi í sveitarfélaginu og það sést best á sætistölu sveitarfélagsins sem fór úr 37 í 27.
- Í Dalabyggð vó hið opinbera 50% og hæst allra atvinnugreina árið 2024 og hafnaði við það í 2. sæti á landsvísu af 62 en hafði verið í því fyrsta tímabilið 2017-2024 (Tafla 19). Iðnaður án fiskvinnslu stóð fyrir um 22% af útsvarsgrunni sveitarfélagsins. Á óvart kom hvað landbúnaður var lágur sem og ferðaþjónusta, 4-5% hvor um sig, en þær atvinnugreinar eru vanmetnar í þessum tölum í öllum sveitarfélögum (sjá umfjöllun um gögnin).

# 2 INNGANGUR

Í Glefsum á þessu ári var vægi (eða hlutur) sjávarútvegs og ferðaþjónustu í útsvarstekjum sveitarfélaga á Vesturlandi reiknaður út frá gögnum Hagstofu Íslands sem hentuðu til slíks. Þetta var gert til að átta sig betur á því hvort þau væru mjög háð þessum atvinnugreinum. Umræða um leiðréttingu veiðigjalda á sjávarútveg og aukið skattaálag á ferðaþjónustu voru hvatinn að þessu.

Í framhaldi af þessu var ákveðið að skoða sama hlutfall fyrir valdar landdreifðar atvinnugreinar. Fyrir valinu urðu fiskveiðar- og fiskvinnsla, fiskeldi, ferðaþjónusta, hið opinbera, iðnaður annar en fiskvinnsla og landbúnaður. Stóriðjan fellur undir iðnað án fiskvinnslu.

# 3 HAGFRÆÐIN UM FYRIRTÆKI ÚTI Á LANDI

Stærstu atvinnugreinarnar sem hafa haft hag af því að dreifast vítt og breitt um landið voru teknar með í þessum hagvísi. En hvaða atvinnugreinar eru það? Hvað segja kenningar hagfræðinnar um hvers vegna fyrirtæki eru á landsbyggðinni og hverskonar atvinnugreinar það eru? Samkvæmt kenningum hagfræðinnar er eina markmið eða í það minnsta aðalmarkmið fyrirtækja að hámarka hagnað sinn. Vitað er að fyrirtæki bregða út af því en til lengri tíma litið verða fyrirtæki að hafa tekjur fyrir kostnaði ef ætlunin er halda rekstrinum gangandi og það kallar á ráðdeild. En hvers vegna getur verið hagkvæmara fyrir sum fyrirtæki að staðsetja sig úti á landi? Ástæðurnar eru margar og ólíkar og sama má segja um kenningarnar. Eftirfarandi upplýsingar eru að mestu sóttar í doktorsritgerð í hagfræði (Vífill Karlsson, 2012) en svo verður vísað í frumheimildir úr textanum.

Margar atvinnugreinar þrífast best í fjölmennum borgum en aðrar dreifast vítt og breitt vegna þess að þær byggja á nálægð við hráefnið sem þær byggja afkomu sína á (Vífill Karlsson, 2012, bls. 61-62; Weber, 1929).

> *„Fyrir nær tveimur öldum setti Ricardo (1817) fram kenningu um hlutfallslega yfirburði (e. Comparative advantages) þjóða og héraða, sem útskýrði hvernig tvö lönd/héruð gætu bæði hagnast á viðskiptum út frá hlutfallslegum yfirburðum eða hlutfallslegum fórnarkostnaði (e. Opportunity cost), jafnvel þótt eitt hérað væri afkastameira í framleiðslu allra vara. Ímyndaður heimur sem samanstendur af tveimur löndum, A og B, og tveimur vörum, 1 og 2, þar sem A er afkastameira í báðum vörum, sérstaklega vöru 1, er betur settur með millilríkjaviðskiptum þar sem bæði löndin hagnast. Þetta kann að virðast augljóst fyrir land B, en land A myndi einnig hagnast með því að flytja út vöru 1 og flytja inn vöru 2 á verði sem er nær verði vöru 1 en verði vöru 2.“*
>
> *„Sænsku hagfræðingarnir Heckscher og Ohlin (1967) þróuðu þessa kenningu áfram, og sú viðbót hefur síðan verið kölluð Heckscher-Ohlin setningin, sem kvað á um að þróun atvinnugreina innan hvers héraðs eða lands ákvarðast af aðgengi svæðisins/landsins að auðlindum. Arðbærustu atvinnugreinar héraðs yrðu þær sem nýta þá framleiðsluþætti sem auðvelt er að afla á staðnum (í samanburði við önnur héruð), og þaðan yrðu þær vörur fluttar út. Héraðið myndi síðan flytja inn vörur sem byggja framleiðslu sína á takmarkaðari framleiðsluþáttum þess héraðs. Þannig myndi stærsta landsvæði heimsins (í km$^2$) hafa hlutfallslega yfirburði í landbúnaði, en fjölmennasta landsvæðið myndi hafa hlutfallslega yfirburði í vinnuaflsfrekum atvinnugreinum, ef allt annað væri eins á þessum landsvæðum.“*
>
> *Weber setti fram kenningu um staðsetningu fyrirtækja (Lloyd & Dicken, 1977; McCann, 2001; Weber, 1929) þar sem fyrirtæki velja staðsetningu sína út frá aðfanga- og afurðaþéttni, verði*

*aðfanga og aðgengi að nýjum markaðssvæðum í viðleitni sinni til að hámarka hagnað. Aðfanga- og afurðaþéttni, sem vísar til hlutfalls þyngdar eða rúmmáls milli aðfanga og afurða*[1]*, eykst ef þyngd eða rúmmál afurðar að frádregnu samanlagðri þyngd eða rúmmáli aðfanga dregst saman í framleiðsluferlinu. Aðfanga og afurðaþéttni getur annaðhvort aukist eða minnkað í framleiðsluferlinu. Til dæmis, í skógrækt eykst aðfanga- og afurðaþéttni í ferlinu frá tréi til viðarplanka, því aðeins 70–80 prósent af upprunalega trénu verður að viðarplanka, en afgangurinn verður úrgangur. Hins vegar minnkar líklega aðfanga- og afurðaþéttni þegar stóll (eða annað samsett húsgagn) er framleiddur úr viðarplankanum, því rúmmál stólsins er meira en rúmmál hráefnisins. Flutningskostnaður fer eftir þyngd eða rúmmáli vörunnar, eftir því hvort er hagstæðara fyrir flutningsaðilana. Þannig staðsetur iðnaðurinn sig nær auðlindinni ef aðfanga- og afurðaþéttni eykst í framleiðsluferlinu, en nær markaðnum ef hún minnkar, að öðru jöfnu (Lloyd & Dicken, 1977, bls. 120–122). Fyrra tilvikið stuðlar að vexti dreifbýlis, en hið síðara að vexti þéttbýlis. Þetta dæmi verður sérstaklega áhugavert þegar við hugsum um fyrirtækið IKEA, framleiðanda sem lætur viðskiptavininn sjálfan sjá um að setja húsgögnin saman.*

Á þennan hátt mátti lengi vel útskýra mjög dreifðan sjávarútveg hérlendis þar sem aðeins 30-50% af þyngd hráefnisins varð eftir þegar varan var fullunnin, allt eftir því hvort framleiddar voru frystar afurðir eða saltaðar, fiskurinn flattur eða flakaður. Við þau skilyrði eykst afurðaþéttni og verður hærri en 1. Enn minna varð eftir ef fiskurinn var þurrkaður t.d. skreið eða harðfiskur. Vinnsla skeldýra, rækju eða hörpuskel, laut sömu lögmálum. Nú gilda lögmálin ennþá en þetta hlutfall vigtar ekki eins hátt og fyrr af ýmsum ástæðum sem ekki verða raktar hér. Í landbúnaði má finna aðfanga- og afurðaþéttni hærri en 1. Það þarf t.d. u.þ.b. 10 kg af mjólk í 1 kg af osti. Einhverjar aukaafurðir myndast við þá framleiðslu sem lítil eftirspurn er eftir eins og t.d. mysa og henni því að mestu fleygt. Þá léttist lambið verulega við slátrun og meðhöndlun eftir það og verður fyrirferðarminna í flutningi - ef svo má segja.

*Samkvæmt nýrri útgáfu af kenningu Webers hafa hlutfallsverð ó- eða treghreyfanlegra (e. Immobile) framleiðsluþátta einnig áhrif á bestu staðsetningu fyrirtækja. Í upphaflegu kenningunni var aðeins ein gerð hráefnis og ein afurð, en kenningin nær nú til fyrirtækja sem nýta margar tegundir aðfanga sem koma jafnvel frá nokkrum mis-fjarlægum stöðum, eins og vinnuafli, mismunandi tegundir hráefna og landi. Gert er ráð fyrir að framleiðsluþættir innan fyrirtækjanna komi hvorki í stað hvors annars, né einhverjir aðrir framleiðsluþættir sem fáanlegir eru í hagkerfinu. Ef framleiðsluþáttaverð er það sama á öllum stöðum, er besta staðsetningin enn eingöngu háð aðfanga- og afurðaþéttni, en þegar verðmunur kemur fram milli staða getur kjörstaðsetningin færst til staðarins sem býður ódýrasta hráefnið (McCann, 2001). Síðar þróaði Isard (1956) fullkomnara greiningartæki fyrir líkanið.*

*Önnur nýleg útgáfa kenningarinnar, kölluð Weber-Moses-þríhyrningurinn, gerir ráð fyrir að framleiðsluþættir geti komið í stað hvors annars. Í því tilviki hafa áhrifaþættir staðarvals bæði áhrif staðsetningu fyrirtækja sem og hlutfallslegri samsetningu framleiðsluþáttanna. Ef fyrirtæki stækkar og þenst út þá getur það haft áhrif á hlut hvers framleiðsluþáttar í framleiðslunni og breytt hagkvæmustu staðsetningu þess (McCann, 2001bls. 24-25; Moses, 1958).*

---

[1] Aðfanga- og afurðaþéttni (eða massavísitala) er $y/q$ , þar sem $y$ táknar þyngd staðbundinna framleiðsluþátta sem notuð eru í framleiðslunni og $q$ táknar þyngd afurðarinnar.

Þá er kenning sænska hagfræðingsins Gunnars Myrdal áhugaverð hvað varðar áhrif íbúaþróunar á samkeppnisstöðu atvinnulífs viðkomandi staða. Myrdal fékk nóbelsverðlaun í hagfræði.

> *Myrdal setti fram kenningu sem kallast miðju-jaðar kenningin (e. centre-periphery theory). Samkvæmt Fujita, Krugman og Venables (1999) og Guild (2000) var Myrdal upphafsmaður svokallaðra kenningar um stigvaxandi orsakatengsl (e. cumulative causation theories).*
>
> *Í kenningu Myrdals breyta búferlaflutningar samkeppnisstöðu landsvæða og eykur svæðisbundinn mismun í hagvexti og velferð. Myrdal gaf sér að efnahagslegt jafnvægi ríkti á milli landsvæða og skoðaði síðan hvernig skyndileg breyting á staðbundinni samkeppnisstöðu kæmi hlutum á hreyfingu — til dæmis koma nýs fyrirtækis eða nýsköpun í blómlegum iðnaði sem yki heildareftirspurn á svæðinu.*
>
> *Heildarframleiðsla svæðisins ykist, sem gerir það mögulegt að hækka raunlaun og lækka staðbundna skatta, og nýir íbúar flyttu inn á svæðið. Þessir íbúar kæmu að hluta til frá öðrum svæðum innanlands, sem þýðir að fólksfjölgun gæti orðið neikvæð í öðrum landshlutum. Þar minnkaði heildareftirspurn og raunlaun drægjust saman, þannig að hækka þyrfti skatta þar til að halda uppi sama þjónustustigi. Þetta setti í gang vítahring stöðugs fólksflótta frá þeim svæðum, sem Myrdal kallaði kjalsogsáhrif (e. backwash effect).*
>
> *Myrdal (1957, bls. 31) hélt því síðan fram að útþensla vaxtarsvæðisins myndi einnig skapa miðflóttakraft, svokölluð útbreiðsluáhrif (e. spread effect). Nærliggjandi svæði, sem eini birgir landbúnaðarvara og mögulegur birgir hráefna fyrir vaxtarsvæðið, getur hagnast á vextinum, sem síðan hefur sinn eigin staðbundnu margfeldisáhrif.*

Að sumu leyti er þessi kenning áhugaverð út frá vexti og viðgengi höfuðborgarsvæðisins í samanburði við landsbyggðina. Ráðist var í uppbyggingu höfuðborgar seint á 18. öld sem visst mótvægi við aðdráttarafli Kaupmannahafnar fyrir íbúa hérlendis, sem höfuðborgar landsins þá, og hugsanlegum atgervisflótta af landinu. En líka til að hér skapaðist hagkvæmni sem felst í þéttbýlismyndun yfirleitt og kallað hefur verið, þéttbýlis- eða borgarhagræði. Þetta var gert í fyrstu t.d. með flutningi ýmissar stjórnsýslu til Reykjavíkur (Þorleifur Óskarsson, 2002b, bls. 157-177) og tilraunir gerðar með uppbyggingu iðnaðar í Innréttingum Skúla Magnússonar. Innréttingar Skúla Magnússonar var fyrirtæki með fjölbreyttan atvinnurekstur sem byggðist að mestu upp í Reykjavík og má segja að hafi verið einn fyrsti vísir að iðnvæðingu í landinu (Þorleifur Óskarsson, 2002a, bls. 117-123).

Ef við skiptum landsbyggðinni upp í þéttbýli og dreifbýli þá voru neikvæð áhrif kjalsogsáhrifanna ekki mikil í þéttbýlinu en mun meiri í dreifbýlinu þar sem ennþá fjölgaði í þéttbýlinu aðallega á kostnað dreifbýlisins. Jákvæðu útbreiðsluáhrifin voru einhver en mun minni m.a. vegna miðstýrðs landbúnaðarkerfis og kröfu samfélagsins um að útvega landbúnaðarvörur á miðstýrðu sparverði.

Sjávarútvegurinn hefur hins vegar nánast allur farið á markað erlendis og því engin útbreiðsluáhrif að hafa af honum.

Um tíma var ýmis iðnaður starfræktur víða um land sem sinnti aðallega innanlandsmarkaði í skjóli innflutningshafta sem fer illa saman við bæði Ricardo, Hechser-Ohlin og nútímakenningar um alþjóðaviðskipti og hagvöxt sem víðast um allan heim. Þetta var t.d. fataiðnaður, byggingarefni, húsgögn, umbúðir, prent, efnaiðnaður og fleira. Tilvist ýmiss iðnaðar stuðlaði að auknum útbreiðsluáhrifum en með samningi um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu varð að fjarlægja innflutningshöft að mestu sem varð banabiti margra iðnaðarfyrirtækja þó enn séu all nokkur starfandi t.d. í framleiðslu á byggingarefni.

Í dag má segja að ferðaþjónustan geti miðlað mögulegum útbreiðsluáhrifum þó mest vegna ferðalaga íbúa á höfuðborgarsvæðinu út á land því hagvöxtur á höfuðborgarsvæðinu hefur engin áhrif á fjölda erlendra ferðamanna heldur eingöngu innlendra.

> *Myrdal (1957, bls. 33–34) lagði áherslu á að umfang útbreiðsluáhrifa myndi aukast ef til staðar væri skilvirkt samgöngu- og fjarskiptakerfi, ásamt öðrum þáttum: „betri samgöngur og fjarskipti myndu stuðla að því að þróunin yrði víðtækari, en líka hærra menntunarstig og meira samtal um hugmyndir og gildi." Síðar lagði Myrdal fram reynslugögn sem sýndu minni svæðisbundinn mismun í raunlaunum í löndum þar sem þessar aðstæður eru fyrir hendi, og hann flokkaði svæði í vaxandi, stöðnuð og hnignandi svæði.*

> *Í kenningu von Thünen skapar viðleitni bænda til hagræðingar lagskipt mynstur í staðsetningu undirgreina landbúnaðar umhverfis þjónustu- og markaðskjarna (CBD), þar sem flutningsfrekasta undirgreinin er staðsett næst miðbænum, en sá sem er minnst háður flutningum er fjærst. Samkvæmt kenningu Weber og kenningu Weber-Moses-þríhyrningsins ræðst ákvörðun fyrirtækja um nálægð við markaði eða hráefni af ýmsum þáttum, en flutningskostnaður er einn af þeim mikilvægari. Flutningskostnaður hefur einnig áhrif á „útbreiðsluáhrifin" í kenningu Myrdals; staðbundinn vöxtur mun nýtast íbúum víða landfræðilega ef flutningskostnaður er lágur, en á afmarkaðra svæði ef hann er hár. Hins vegar eru fjarlægðir og flutningskostnaður ekki teknir með í kenningunni um hlutfallslega yfirburði (e. theory of comparative advantages).*

Í Evrópu má nefna kampavínshéruð Frakklands sem eitt dæmi um eina undirgrein landbúnaðar sem staðsetur sig á afmörkuðu landsvæði og hvítvínsframleiðsla Rínar- og Mozeldals Þýskalands annað. Á Íslandi vottar aðeins fyrir svona lagskiptingu landbúnaðarins þar sem svína- og kjúklingarækt er næst höfuðborgarsvæðinu, mjólkurframleiðslan fjær og sauðfjárrækt fjærst.

> *Að lokum ber að nefna grundvallarkenninguna (e. staple theory), sem er framlag kanadískra fræðimanna. Kenningin gerir ráð fyrir að hagvöxt megi rekja að mestu til útflutnings á hrávörum, vegna tengsla hans við ýmsa iðngreinar. Þessi tengsl skiptast í þrjá flokka: Afturverkandi tengsl (e. backward linkages), þegar viðkomandi framleiðsla byggir á öðrum vörum sem framleiðsluþáttum. Framverkandi tengsl (e. forward linkages), þegar framleiðsla annarra vara nýtir viðkomandi vöru í framleiðslu sína. Lokaeftirspurnartengsl (e. final demand linkages), þegar viðkomandi framleiðsla örvar eftirspurn neytenda eftir öðrum staðbundnum vörum með óbeinum hætti (Brazzel & Hicks, 1968; Grant, 1974). Þar sem náttúruauðlindum er ekki jafnt dreift á milli landshluta getur grundvallarkenningin útskýrt byggðaþróun og búferlaflutninga þeirra í milli (Brazzel & Hicks, 1968; Sigfús Jónsson, 1984).*

Svokölluð margfeldisáhrif atvinnugreina en einnig ruðningsáhrif má rekja til grundvallarkenningarinnar. Út frá því hafa orðið til hugtök eins og afleidd störf sem tíðrætt er um í umræðunni um byggða- og atvinnumál. Í tengslum við það hafa menn oft reynt að meta bæði tekjumargfaldara og atvinnumargfaldara (Vífill Karlsson, 2007).

Á grundvelli þessa yfirlits má segja að sjávarútvegurinn hafi verið tekinn með í þessum hagvísi vegna þess að hann er stór útflutningsatvinnugrein á landsbyggðinni í anda grundvallarkenningarinnar og nálægðar við fiskimiðin, landbúnaður af nálægð við ódýrt land og mikið af því vítt og breitt. Ferðaþjónustan vegna nálægðar við náttúruperlur. Iðnaður vegna nálægðar við orku en ekki síður vegna ódýrara byggingarlands því margt af honum er landfrekur eins og álver. Ekki dugir að hafa land fyrir verksmiðjuhúsin og athafnasvæði álvers heldur er líka krafa um nokkuð vítt þynningarsvæði í kring fyrir mengun. Þá má segja að það sé visst ákall á

smærri iðnað eða hreinlega iðnaðarmenn, stundum rekinn af einyrkjum, og það mögulegt í fámennum samfélögum vegna þess að starfsemin krefst ekki mikillar fjárfestingar því oft hefur dreifbýlið búið við takmarkaðri möguleika á fjármagni eða fjármagni á lakari kjörum (hærri vöxtum eða ríkari kröfu um ábyrgðartryggingar) en þeim sem fyrirtæki á stærra markaðssvæði bjóðast.

# 4 Gögnin

Gögnin komu frá Hagstofu Íslands. Um er að ræða staðgreiðsluskyldar launagreiðslur eftir atvinnugreinahópum og búsetu - frá janúar 2008. Tölurnar eru frá mánuði til mánaðar allt þetta tímabil og eru tölurnar í milljónum króna.

Þessar tölur eru ekki gallalausar og mynda einhverja skekkju. Fjallað var um þennan galla orðrétt á þennan hátt í einn Glefsunni (Vífill Karlsson, 2025b, bls. 2). *„Galli gagnanna er sá að eingöngu eru tölur frá lögaðilum en ekki einstaklingum sem gera upp sinn rekstur á eigin kennitölu. Búast má við að einyrkjar séu fleiri í þeim hópi en stærri fyrirtæki. Það gefur tilefni til að halda að tölurnar gefi verri mynd af fámennari sveitarfélögum en þeim fjölmennari. Þá má búast við að fiskveiðar séu vanmetnari en fiskvinnsla þar sem smábátasjómenn eru oft einyrkjar. Vakin skal athygli á því að hlutfall smábátasjómanna (af öllum sjómönnum) er mjög hátt í Snæfellsbæ og eitt það hæsta á landinu. Það er því viðbúið að hlutfall Snæfellsbæjar í fiskveiðum sé vanmetið."*

Af þessum sökum má ætla að landbúnaður, ferðaþjónusta og iðnaður án ferðaþjónustu séu líka vanmetnar greinar en hið opinbera og fiskeldi þ.a.l. ofmetnar á móti. Búast má við að skekkja af þessu tagi sé mest í fámennustu sveitarfélögunum þar sem hlutfall einyrkja er hærra en í fjölmennari sveitarfélögum.

# 5 Aðferð

Fyrir hvert sveitarfélag er tvær töflur að finna. Í efri töflunni er að finna vægi sex atvinnugreina í staðgreiðsluskyldum launagreiðslum og fundin út með eftirfarandi hætti:

$$vægi = \frac{Staðgreiðsluskyldar\ launagreiðslur\ atvinnugreinar}{Staðgreiðsluskyldar\ launagreiðslur\ allra\ atvinnugreina} \times 100$$

Í næst fremsta dálki er að finna þetta vægi fyrir árið 2024 en í þriðja dálkinum fyrir allt tímabilið 2017-2024. Í fjórða og fimmta dálki er síðan að finna hvar tölurnar í öðrum og þriðja dálki röðuðust meðal allra 62 íslenskra sveitarfélaga. Ef töluna 2 var að finna þar var það annað sæti ofan frá: Aðeins eitt annað sveitarfélag á Íslandi hafði hærri prósentutölu en viðkomandi sveitarfélag af Vesturlandi. Þriðji dálkur gefur því vísbendingar fyrir því hvort gildið í öðrum dálki (vægið 2024) sé lægra en að jafnaði síðustu átta árin (2017-2024) og þá hvort þróunin sé upp á við eða niður. Raðtalan í fjórða dálki gefur til kynna hvar sveitarfélagið stendur í samanburði við öll önnur sveitarfélög á landinu og raðtalan í fimmta dálki hvort sveitarfélagið sé eitt að sækja fram eða tapa í samanburði við önnur landsvæði borið saman við raðtöluna í fjórða dálki.

# 6 VÆGI NOKKURRA ATVINNUGREINA MEÐAL SVEITARFÉLAGA

## 6.1 FISKVEIÐAR OG FISKVINNSLA

Hér eru fiskveiðar og fiskvinnsla teknar saman en eru í sitthvoru lagi í viðauka (Tafla 20 og Tafla 21). Á þennan hátt sjáum við að Snæfellsbær var með um 50% af útsvarsgrunni sínum beint frá þessum tveimur atvinnugreinum en hafnaði í öðru sæti á landsvísu (Tafla 1). Síðan eru ýmis afleidd störf þannig að það má nánast segja að sveitarfélagið sé algjörlega háð sjávarútvegi ef marka má gróft mat á afleiddum störfum byggða á grundvallarkenningunni (Brazzel & Hicks, 1968; Grant, 1974) og er ekki hafin yfir gagnrýni eins og allt annað í fræðaheiminum. Samkvæmt þessari kenningu má skipta flestum störfum upp í útflutnings- og þjónustustörf. Þau síðarnefndu væru ekki til ef þau fyrri myndu hverfa. Atvinnugreinar eru síðan annað hvort ríkjandi útflutnings- eða þjónustugreinar. Á þennan hátt eru allar atvinnugreinar sem til umfjöllunar eru hér, útflutningsgreinar nema hið opinbera því í flestum sveitarfélögum eru opinber störf á vegum sveitarfélagsins sem væri ekki hægt að halda úti ef tekjur sveitarfélagsins byggðu ekki að miklu leyti á öðru en tekjum af starfsmönnum sveitarfélagsins.

Í fyrsta, þriðja og fjórða sæti voru miklu fámennari sveitarfélög en Snæfellsbær. Grundarfjarðarbær var síðan í því fimmta (38,6%) og er hann nær Snæfellsbæ í íbúatölu en hin þrjú. Það er ekki fyrr en komið er að sjöunda sæti að það kemur aftur að sveitarfélagi sem er svipað að stærð en það er Bolungarvíkurkaupstaður og því áttunda sem er Dalvíkurbyggð en þar var hlutur fiskveiða og -vinnslu tæplega 35% sem er töluvert lægra en í Snæfellsbæ.

Á óvart kom að landbúnaðarhéraðið Eyja- og Miklaholtshreppur mældist í þriðja sæti á Vesturlandi sem „sjávarútvegssveitarfélög“ en í 18. á landsvísu. Þar var sveitarfélagið í félagi með kunnu sjávarútvegssamfélögunum Vesturbyggð, Suðurnesjabæ og Sveitarfélaginu Stykkishólmi. Þessi þrjú gefa reyndar öll eftir ef borið er saman vægi þessara atvinnugreina 2024 við 2017-2024 en mest í Suðurnesjabæ og Sveitarfélaginu Stykkishólmur. Sveitarfélagið Stykkishólmur eykur vægið í störfum á vegum hins opinbera og iðnaði án fiskvinnslu (Tafla 17). Þetta er misskráning hjá Eyja- og Miklaholtshreppi og má rekja til eins stórs fyrirtækis sem var í sjávarútvegi en er núna að langmestu leyti í ferðaþjónustu.

Af vestlenskum sveitarfélögum kom Akraneskaupstaður svo næst á eftir Sveitarfélaginu Stykkishólmi í vægi þessara atvinnugreina með 6,2% árið 2024 en gefur samt eftir. Hann er því í fimmta sæti á Vesturlandi en í því 30. á landsvísu. Þar er sveitarfélagið í félagi með Reykhólahreppi og Svalbarðsstrandarhreppi. Reykhólahreppur er hins vegar mjög háður störfum í Þörungaverksmiðjunni sem flokkast með iðnaði án fiskvinnslu (Tafla 3).

Fyrrum landbúnaðarhéraðið Hvalfjarðarsveit og núverandi iðnaðarsvæði (Tafla 3) kom næst á eftir Akraneskaupstað með 4,5%, í sjötta sæti á Vesturlandi og 37. á landsvísu. Það er vissulega athyglisvert m.v. þessar rætur og hversu mikið vægi stóriðjan hefur þar.

Dalabyggð var næst í röðinni með 4,1% sem kemur aðeins á óvart því Dalabyggð er fyrst og fremst landbúnaðarhérað en einhverjir hafa verið að reyna fyrir sér í vinnslu á sjávarfangi. En þá er líka merkilegt að sjá fiskveiðarnar vega þyngra á metunum en fiskvinnslan (Tafla 20).

Borgarbyggð er næst lægst á Vesturlandi á þennan kvarða með 1,7%. Einhverjar trillur eru í Borgarnesi og einhver úrvinnsla hefur verið á hvítfiski þar.

Skorradalshreppur rekur lestina bæði á Vesturlandi og á landsvísu en þar hafa þessar atvinnugreinar enga vigt (0,0%). Það er ekki undarlegt því þetta er fámennur hreppur og byggist upp í kringum landbúnað en þar búa líka einstaklingar sem starfa á Hvanneyri við ýmislegt þar sem fellur væntanlega undir „hið opinbera“.

**Tafla 1: Vægi fiskveiða og fiskvinnslu í útsvarsgrunni sveitarfélaga 2024.**

Raðað eftir vægi ferðaþjónustu 2024. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands. Sjá einnig í Glefsu á þessu ári (Vífill Karlsson, 2025a).

| *Sveitarfélag (af Vesturlandi feitletrað)* | *2024* | *2017-2024* | *Sæti 2024* | *Sæti 2017-2024* |
|---|---|---|---|---|
| Kaldrananeshreppur | 49,6% | 53,5% | 1 | 1 |
| **Snæfellsbær** | **49,4%** | **52,8%** | **2** | **2** |
| Langanesbyggð | 44,2% | 48,4% | 3 | 3 |
| Grýtubakkahreppur | 39,7% | 43,6% | 4 | 4 |
| **Grundarfjarðarbær** | **38,6%** | **41,5%** | **5** | **5** |
| Vopnafjarðarhreppur | 36,5% | 38,6% | 6 | 6 |
| Bolungarvíkurkaupstaður | 34,6% | 36,5% | 7 | 8 |
| Dalvíkurbyggð | 34,0% | 34,0% | 8 | 11 |
| Sveitarfélagið Skagaströnd | 31,9% | 35,1% | 9 | 10 |
| Vestmannaeyjabær | 31,1% | 37,5% | 10 | 7 |
| Grindavíkurbær | 29,2% | 35,7% | 11 | 9 |
| Fjarðabyggð | 24,0% | 27,1% | 12 | 13 |
| Sveitarfélagið Hornafjörður | 23,9% | 28,7% | 13 | 12 |
| Fjallabyggð | 22,9% | 26,5% | 14 | 15 |
| Súðavíkurhreppur | 21,5% | 27,0% | 15 | 14 |
| Ísafjarðarbær | 21,0% | 22,7% | 16 | 16 |
| Vesturbyggð | 19,1% | 20,7% | 17 | 17 |
| **Eyja- og Miklaholtshreppur** | **18,7%** | **11,9%** | **18** | **23** |
| **Sveitarfélagið Stykkishólmur** | **15,6%** | **19,5%** | **19** | **18** |
| Suðurnesjabær | 13,6% | 17,5% | 20 | 19 |
| Skagafjörður | 12,5% | 13,2% | 21 | 22 |
| Strandabyggð | 11,8% | 17,0% | 22 | 20 |
| Sveitarfélagið Ölfus | 10,6% | 15,3% | 23 | 21 |
| Norðurþing | 8,7% | 10,7% | 24 | 24 |
| Hörgársveit | 8,5% | 6,6% | 25 | 30 |
| Tjörneshreppur | 8,3% | 6,7% | 26 | 29 |
| Akureyrarbær | 8,0% | 8,9% | 27 | 25 |
| Múlaþing | 7,8% | 8,9% | 28 | 26 |
| Reykhólahreppur | 7,4% | 7,2% | 29 | 28 |
| **Akraneskaupstaður** | **6,2%** | **8,4%** | **30** | **27** |
| Svalbarðsstrandarhreppur | 5,8% | 6,2% | 31 | 32 |
| Húnabyggð | 5,5% | 5,7% | 32 | 34 |
| Sveitarfélagið Vogar | 5,4% | 6,4% | 33 | 31 |
| Árneshreppur | 5,3% | 2,0% | 34 | 46 |
| Eyjafjarðarsveit | 5,1% | 4,7% | 35 | 36 |
| Þingeyjarsveit | 5,1% | 3,9% | 36 | 39 |
| Landið allt | 4,8% | 5,7% | 37 | 33 |
| **Hvalfjarðarsveit** | **4,5%** | **4,6%** | **38** | **37** |
| Reykjanesbær | 4,5% | 5,4% | 39 | 35 |
| **Dalabyggð** | **4,1%** | **3,3%** | **40** | **42** |
| Húnaþing vestra | 3,8% | 3,4% | 41 | 41 |
| Sveitarfélagið Árborg | 3,5% | 3,8% | 42 | 40 |
| Kjósarhreppur | 3,0% | 3,9% | 43 | 38 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 3,0% | 2,1% | 44 | 45 |
| Hveragerðisbær | 2,8% | 3,1% | 45 | 43 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 2,6% | 3,0% | 46 | 44 |
| Ásahreppur | 2,4% | 1,2% | 47 | 56 |
| **Borgarbyggð** | **1,7%** | **1,8%** | **48** | **48** |
| Seltjarnarnesbær | 1,7% | 1,8% | 49 | 50 |
| Mosfellsbær | 1,6% | 1,8% | 50 | 49 |
| Kópavogsbær | 1,6% | 1,9% | 51 | 47 |
| Garðabær | 1,5% | 1,7% | 52 | 51 |
| Bláskógabyggð | 1,4% | 1,5% | 53 | 54 |
| Rangárþing ytra | 1,3% | 1,0% | 54 | 57 |
| Reykjavíkurborg | 1,2% | 1,5% | 55 | 55 |
| Rangárþing eystra | 1,2% | 1,6% | 56 | 52 |
| Mýrdalshreppur | 0,6% | 0,7% | 57 | 60 |
| Hrunamannahreppur | 0,5% | 0,9% | 58 | 58 |
| Flóahreppur | 0,3% | 1,5% | 59 | 53 |
| Grímsnes- og Grafningshreppur | 0,1% | 0,6% | 60 | 61 |
| Fljótsdalshreppur | 0,0% | 0,8% | 61 | 59 |
| Skaftárhreppur | 0,0% | 0,3% | 61 | 62 |
| **Skorradalshreppur** | **0,0%** | **0,1%** | **61** | **63** |

Sveitarfélög á Vesturlandi eru feitletruð. Landið allt er meðaltal og rauðletrað. Miðgildin eru bláletruð þau eru tvö vegna þess að fjöldi sveitarfélaga er jöfn tala.

## 6.2 Ferðaþjónusta

Eyja- og Miklaholtshreppur mældist stærsta ferðaþjónustusveitarfélag Vesturlands þar sem 23,5% af útsvarsgrunni sveitarfélagsins var rakinn beint til greinarinnar (Tafla 2). Það féll í sjöunda sæti á landsvísu og bætir töluvert við sig.

**Tafla 2: Vægi ferðaþjónustu í útsvarsgrunni sveitarfélaga 2024.**
Raðað eftir vægi ferðaþjónustu 2024. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands. Sjá einnig í Glefsu á þessu ári (Vífill Karlsson, 2025a).

| *Sveitarfélag (af Vesturlandi feitletrað)* | *2024* | *2017-2024* | *Sæti 2024* | *Sæti 2017-2024* |
|---|---|---|---|---|
| Mýrdalshreppur | 55,5% | 49,3% | 1 | 1 |
| Skaftárhreppur | 50,7% | 45,9% | 2 | 2 |
| Bláskógabyggð | 37,3% | 32,5% | 3 | 3 |
| Reykjanesbær | 30,3% | 30,3% | 4 | 4 |
| Sveitarfélagið Hornafjörður | 28,7% | 24,6% | 5 | 6 |
| Þingeyjarsveit | 25,8% | 25,5% | 6 | 5 |
| **Eyja- og Miklaholtshreppur** | **23,5%** | **14,5%** | **7** | **9** |
| Suðurnesjabær | 22,2% | 22,3% | 8 | 7 |
| Ásahreppur | 19,8% | 14,0% | 9 | 10 |
| Rangárþing eystra | 19,1% | 16,7% | 10 | 8 |
| Grindavíkurbær | 14,7% | 13,3% | 11 | 11 |
| Rangárþing ytra | 13,7% | 12,3% | 12 | 14 |
| Sveitarfélagið Vogar | 13,4% | 13,2% | 13 | 12 |
| Tjörneshreppur | 13,1% | 9,4% | 14 | 25 |
| **Borgarbyggð** | **12,5%** | **11,5%** | **15** | **16** |
| **Sveitarfélagið Stykkishólmur** | **12,3%** | **12,3%** | **16** | **15** |
| Fljótsdalshreppur | 12,0% | 11,5% | 17 | 18 |
| Garðabær | 11,6% | 11,3% | 18 | 19 |
| Landið allt | 11,3% | 10,7% | 19 | 20 |
| Hrunamannahreppur | 10,9% | 11,5% | 20 | 17 |
| Reykjavíkurborg | 10,6% | 10,1% | 21 | 22 |
| Seltjarnarnesbær | 10,4% | 9,5% | 22 | 24 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 10,4% | 10,3% | 23 | 21 |
| Múlaþing | 10,1% | 9,1% | 24 | 26 |
| Kópavogsbær | 9,9% | 9,6% | 25 | 23 |
| Svalbarðsstrandarhreppur | 9,5% | 8,5% | 26 | 27 |
| Hveragerðisbær | 9,1% | 8,1% | 27 | 30 |
| **Snæfellsbær** | **9,1%** | **7,1%** | **28** | **38** |
| Kaldrananeshreppur | 8,8% | 7,7% | 29 | 33 |
| Norðurþing | 8,6% | 8,5% | 30 | 28 |
| Húnaþing vestra | 8,5% | 7,9% | 31 | 31 |
| Árneshreppur | 8,4% | 6,9% | 32 | 40 |
| Akureyrarbær | 8,2% | 7,9% | 33 | 32 |
| Sveitarfélagið Árborg | 8,0% | 7,7% | 34 | 34 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 7,9% | 7,1% | 35 | 39 |
| Eyjafjarðarsveit | 7,8% | 7,3% | 36 | 36 |
| Mosfellsbær | 7,4% | 7,5% | 37 | 35 |
| Flóahreppur | 7,3% | 8,2% | 38 | 29 |
| Vestmannaeyjabær | 7,3% | 5,9% | 39 | 45 |
| Fjallabyggð | 7,0% | 6,5% | 40 | 41 |
| **Grundarfjarðarbær** | **7,0%** | **6,1%** | **41** | **43** |
| Hörgársveit | 6,8% | 7,3% | 42 | 37 |
| Grímsnes- og Grafningshreppur | 6,6% | 13,0% | 43 | 13 |
| Ísafjarðarbær | 6,0% | 5,3% | 44 | 48 |
| Sveitarfélagið Ölfus | 5,6% | 5,9% | 45 | 46 |
| Súðavíkurhreppur | 5,5% | 6,2% | 46 | 42 |
| Dalvíkurbyggð | 5,2% | 4,9% | 47 | 50 |
| Skagafjörður | 5,1% | 4,6% | 48 | 52 |
| Strandabyggð | 4,7% | 4,0% | 49 | 55 |
| Kjósarhreppur | 4,6% | 5,9% | 50 | 44 |
| **Dalabyggð** | **4,3%** | **4,3%** | **51** | **54** |
| Grýtubakkahreppur | 4,0% | 3,7% | 52 | 56 |
| Vesturbyggð | 4,0% | 5,0% | 53 | 49 |
| **Hvalfjarðarsveit** | **3,6%** | **4,4%** | **54** | **53** |
| Húnabyggð | 3,5% | 3,2% | 55 | 57 |
| Langanesbyggð | 3,4% | 3,0% | 56 | 58 |
| Reykhólahreppur | 3,3% | 4,6% | 57 | 51 |
| **Skorradalshreppur** | **3,2%** | **5,4%** | **58** | **47** |
| **Akraneskaupstaður** | **2,9%** | **2,8%** | **59** | **59** |
| Bolungarvíkurkaupstaður | 2,9% | 2,4% | 60 | 60 |
| Vopnafjarðarhreppur | 2,9% | 2,2% | 61 | 61 |
| Fjarðabyggð | 2,2% | 2,1% | 62 | 62 |
| Sveitarfélagið Skagaströnd | 0,9% | 2,0% | 63 | 63 |

Sveitarfélög á Vesturlandi eru feitletruð. Landið allt er meðaltal og rauðletrað. Miðgildin eru bláletruð þau eru tvö vegna þess að fjöldi sveitarfélaga er jöfn tala.

Tala ársins 2024 fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp er þó verulega vanmetin eins og kom fram í umfjölluninni um fiskveiðar og -vinnslu. Ef allt hlutfall Eyja- og Miklaholtshrepps í fiskveiðum og

-vinnslu er bætt við hlutfall þess í ferðaþjónustu hækkar það í 42,2% og færi því í það að vera þriðja stærsta ferðaþjónustusveitarfélag landsins næst á eftir Skaftárhreppi. Ekki er nú alveg víst að það sé rétt en það lætur nærri þegar horft er til þess fyrirtækis sem skekkjan er rakin til. Það má því ætla með sannfærandi rökum að Eyja- og Miklaholtshreppur sé nú þegar þriðja stærsta ferðaþjónustu- sveitarfélag landsins.

Borgarbyggð var nærst stærsta ferðaþjónustusveitarfélagið á Vesturlandi og það 16. í röðinni á landsvísu. Þar stóð greinin undir 12,5% af útsvarsgrunni sveitarfélagsins. Borgarbyggð hefur lengi laðað að sér ferðamenn og kemur þetta því ekki mikið á óvart.

Sveitarfélagið Stykkishólmur kemur næst á eftir Borgarbyggð með 12,3% en stendur í stað borið saman við lengra tímabil á meðan Borgarbyggð bætti lítið eitt við sig. Stykkishólmur hefur líka lengi laðað að ferðamenn.

Snæfellsbær er fjórði í röðinni á Vesturlandi en 27. á landsvísu. Snæfellsbær er vaxandi í greininni. Grundarfjarðarbær var fimmti í röðinni á Vesturlandi en 40. á landsvísu og hefur bætt við sig.

Dalabyggð raðaði sér í sjötta sæti meðal sveitarfélaga á Vesturlandi í ferðaþjónustu en 50. sæti á landsvísu. Skorradalshreppur hreppti næst neðsta sætið á Vesturlandi í vægi ferðaþjónustu en 57. sæti á landsvísu. Akraneskaupstaður var í síðasta sæti á Vesturlandi og í því 58. á landsvísu.

## 6.3 IÐNAÐUR ÁN FISKVINNSLU

Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit eru stærstu iðnaðarsveitarfélögin á Vesturlandi með 40% vægi (Tafla 3). Velta má fyrir sér hvort þetta séu ekki stærstu iðnaðarsveitarfélög landsins þó svo að Árneshreppur hafi mælst þarna hærri. Árneshreppur er fámennt sveitarfélag þannig að það þarf ekki marga til að ná 50% vægi í einni atvinnugrein. Árið 2024 og 2025 voru í kringum 30 íbúar á aldrinum 15-64 ára en nærri 60 í heildina.

**Tafla 3: Vægi iðnaðar án fiskvinnslu í útsvarsgrunni sveitarfélaga 2024.**
Raðað eftir vægi iðnaðar 2024. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands.

| *Sveitarfélag (af Vesturlandi feitletrað)* | *Vægi 2024* | *Vægi 2017-2024* | *Sæti 2024* | *Sæti 2017-2024* |
|---|---|---|---|---|
| Árneshreppur | 50,0% | 44,4% | 1 | 1 |
| **Akraneskaupstaður** | **39,0%** | **39,6%** | **2** | **2** |
| **Hvalfjarðarsveit** | **37,8%** | **37,4%** | **3** | **3** |
| Kjósarhreppur | 34,2% | 33,2% | 4 | 6 |
| Reykhólahreppur | 33,6% | 30,8% | 5 | 7 |
| Ásahreppur | 33,1% | 37,1% | 6 | 4 |
| Svalbarðsstrandarhreppur | 33,0% | 35,6% | 7 | 5 |
| Hrunamannahreppur | 30,8% | 24,6% | 8 | 24 |
| Mosfellsbær | 30,7% | 29,9% | 9 | 8 |
| **Borgarbyggð** | **29,1%** | **29,6%** | **10** | **9** |
| **Skorradalshreppur** | **28,5%** | **26,7%** | **11** | **15** |
| Sveitarfélagið Ölfus | 28,0% | 25,8% | 12 | 23 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 27,6% | 26,7% | 13 | 14 |
| Fjarðabyggð | 27,6% | 26,1% | 14 | 21 |
| Sveitarfélagið Vogar | 27,1% | 26,6% | 15 | 17 |
| Rangárþing eystra | 26,9% | 28,2% | 16 | 12 |
| Kópavogsbær | 26,7% | 26,2% | 17 | 19 |
| Sveitarfélagið Árborg | 26,4% | 26,6% | 18 | 18 |
| Rangárþing ytra | 25,8% | 28,9% | 19 | 10 |
| Norðurþing | 25,8% | 27,0% | 20 | 13 |
| Fljótsdalshreppur | 25,6% | 26,7% | 21 | 16 |
| Flóahreppur | 25,5% | 24,3% | 22 | 26 |
| Hörgársveit | 25,3% | 23,5% | 23 | 29 |
| Reykjavíkurborg | 25,1% | 24,5% | 24 | 25 |
| Múlaþing | 25,1% | 26,1% | 25 | 22 |
| Landið allt | 24,5% | 24,0% | 26 | 27 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 23,9% | 28,8% | 27 | 11 |
| Garðabær | 23,7% | 23,1% | 28 | 30 |
| Hveragerðisbær | 23,6% | 23,6% | 29 | 28 |
| Súðavíkurhreppur | 22,9% | 18,2% | 30 | 38 |
| Seltjarnarnesbær | 22,9% | 21,2% | 31 | 35 |
| Grímsnes- og Grafningshreppur | 22,6% | 19,6% | 32 | 36 |
| Eyjafjarðarsveit | 22,3% | 22,8% | 33 | 31 |
| Tjörneshreppur | 22,0% | 26,1% | 34 | 20 |
| Akureyrarbær | 21,8% | 22,5% | 35 | 32 |
| **Dalabyggð** | **21,8%** | **21,4%** | **36** | **34** |
| Húnabyggð | 21,4% | 22,1% | 37 | 33 |
| Fjallabyggð | 18,8% | 18,8% | 38 | 37 |
| Reykjanesbær | 18,6% | 17,9% | 39 | 40 |
| Þingeyjarsveit | 18,4% | 17,8% | 40 | 41 |
| Grindavíkurbær | 17,5% | 14,3% | 41 | 48 |
| Skagafjörður | 16,6% | 17,1% | 42 | 43 |
| Dalvíkurbyggð | 16,4% | 17,9% | 43 | 39 |
| Vestmannaeyjabær | 16,3% | 14,6% | 44 | 47 |
| Ísafjarðarbær | 16,1% | 16,3% | 45 | 44 |
| Suðurnesjabær | 15,9% | 15,9% | 46 | 45 |
| Bolungarvíkurkaupstaður | 15,6% | 14,8% | 47 | 46 |
| Húnaþing vestra | 15,6% | 17,3% | 48 | 42 |
| Vesturbyggð | 14,1% | 12,9% | 49 | 49 |
| Grýtubakkahreppur | 13,3% | 12,6% | 50 | 50 |
| **Sveitarfélagið Stykkishólmur** | **13,1%** | **11,9%** | **51** | **51** |
| Sveitarfélagið Skagaströnd | 11,8% | 11,2% | 52 | 54 |
| Bláskógabyggð | 11,3% | 11,6% | 53 | 52 |
| Mýrdalshreppur | 10,5% | 11,4% | 54 | 53 |
| **Grundarfjarðarbær** | **10,2%** | **8,3%** | **55** | **57** |
| Vopnafjarðarhreppur | 9,7% | 9,9% | 56 | 55 |
| Sveitarfélagið Hornafjörður | 9,5% | 8,6% | 57 | 56 |
| Strandabyggð | 9,2% | 7,0% | 58 | 59 |
| Langanesbyggð | 7,8% | 6,8% | 59 | 60 |
| Skaftárhreppur | 6,8% | 7,1% | 60 | 58 |
| **Snæfellsbær** | **4,6%** | **4,8%** | **61** | **62** |
| Kaldrananeshreppur | 4,4% | 2,3% | 62 | 63 |
| **Eyja- og Miklaholtshreppur** | **3,3%** | **5,9%** | **63** | **61** |

Sveitarfélög á Vesturlandi eru feitletruð. Landið allt er meðaltal og rauðletrað. Miðgildin eru bláletruð þau eru tvö vegna þess að fjöldi sveitarfélaga er jöfn tala.

Einhverjir skráðir íbúar kunna að vera fjarbúar þar sem mikið af jörðum í hreppnum eru í eigu slíkra og líklegt að þeir starfi í iðnaði þar sem Árneshreppur tengist frekar landbúnaði og jafnvel sjávarútvegi og ferðaþjónustu.

Ekki er óvænt að Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit séu svona stór iðnaðarsveitarfélög þar sem Grundartangi er í Hvalfjarðarsveit og margir Skagamenn starfa þar sem og íbúar Hvalfjarðarsveitar. Þá eru nokkur stór iðnaðarfyrirtæki á Akranesi. Má nefna Kapp-Skagann, Akraborg, Trésmiðjuna Akur og Smellinn sem dæmi. Iðnnám hefur og verið kennt við Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi og iðnskóli áður.

Borgarbyggð og Skorradalshreppur komu næst á eftir Akraneskaupstað og Hvalfjarðarsveit en voru í 10. og 11. sæti á landsvísu. Borgarbyggð kemur ekki á óvart með 29% vægi iðnaðar en þar hafa lengi verið stór iðnfyrirtæki eins og Loftorka og Vírnet sem heita núna Steypustöðin og Límtré-Vírnet en eru ennþá stór í Borgarnesi. Þá hefur mikill fjöldi sumarhúsa á svæðinu skapað hagfellt umhverfi fyrir iðnaðarmenn sem og nálægð við Grundartanga en hann er bara í 20 mínútna akstursfjarlægð frá Borgarnesi. Í Skorradalshreppi er líka mikið af sumarhúsum en annars er Skorradalshreppur sama vinnumarkaðssvæði og Borgarbyggð yfirleitt. Sveitarfélagið Árborg er ekkert langt frá Borgarbyggð í töflunni og þaðan er ekki langt í stórar sumarhúsabyggðir. Í Hrunamannahreppi, sem er líka nærri Borgarbyggð í töflunni, er stór starfsstöð Límtrés-Vírnets.

Í Borgarnesi var iðnskóli starfræktur seinni hluta 20. aldar og er það tilfinning margra sem starfað hafa við atvinnuþróun á landsbyggðinni, að um langa hríð hafi fjölbreytni atvinnulífsins verið meiri þar sem þeir voru starfræktir úti á landi.

Dalabyggð kom næst á eftir Borgarbyggð á Vesturlandi með 22% vægi iðnaðar sem kemur nokkuð á óvart í þessu annálaða landbúnaðarhéraði og ekki sérlega fjölmennt. Dalabyggð var í 35. sæti á landsvísu.

Sveitarfélagið Stykkishólmur var síðan í 6. sæti á eftir Dalabyggð með 13% vægi iðnaðar. Sveitarfélagið var í 50. sæti á landsvísu. Þetta kemur nokkuð á óvart því iðnaður var fyrirferðarmikill í Stykkishólmi hér áður fyrr. Þá var iðnskóli í Stykkishólmi á áttunda áratug 20. aldar líkt og í Borgarnesi.

Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Eyja- og Miklaholtshreppur reka lestina með 10%, 5% og 3% vægi í 54., 60. og 62. sæti á landsvísu.

## 6.4 LANDBÚNAÐUR

Eyja- og Miklaholtshreppur er mesta landbúnaðarsveitarfélag Vesturlands og númer tvö á landinu en vægi landbúnaðarins er þar um 14% (Tafla 4). Hrunamannahreppur varð hæstur á þennan kvarða en Hrunamannahreppur var líka hár í iðnaði eða 8. á landsvísu (Tafla 3).

**Tafla 4: Vægi landbúnaðar í útsvarsgrunni sveitarfélaga 2024.**
Raðað eftir vægi landbúnaðar 2024. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands.

| *Sveitarfélag (af Vesturlandi feitletrað)* | *2024* | *2017-2024* | *Sæti 2024* | *Sæti 2017-2024* |
|---|---|---|---|---|
| Hrunamannahreppur | 20,2% | 24,9% | 1 | 1 |
| **Eyja- og Miklaholtshreppur** | **13,6%** | **15,5%** | **2** | **2** |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 12,8% | 12,7% | 3 | 3 |
| Bláskógabyggð | 9,3% | 10,7% | 4 | 4 |
| Flóahreppur | 8,0% | 8,3% | 5 | 5 |
| Eyjafjarðarsveit | 7,7% | 8,3% | 6 | 6 |
| Ásahreppur | 6,7% | 6,4% | 7 | 7 |
| Grímsnes- og Grafningshreppur | 6,1% | 6,4% | 8 | 8 |
| Rangárþing eystra | 5,6% | 5,5% | 9 | 9 |
| Kjósarhreppur | 4,9% | 4,2% | 10 | 19 |
| **Dalabyggð** | **4,7%** | **4,4%** | **11** | **15** |
| Húnaþing vestra | 4,6% | 4,6% | 12 | 14 |
| Skaftárhreppur | 4,3% | 5,1% | 13 | 12 |
| Þingeyjarsveit | 4,1% | 4,2% | 14 | 18 |
| Húnabyggð | 4,1% | 4,0% | 15 | 20 |
| Rangárþing ytra | 3,9% | 4,3% | 16 | 17 |
| Hörgársveit | 3,6% | 5,0% | 17 | 13 |
| Svalbarðsstrandarhreppur | 3,6% | 4,3% | 18 | 16 |
| Fljótsdalshreppur | 3,6% | 5,2% | 19 | 11 |
| **Borgarbyggð** | **3,1%** | **3,2%** | **20** | **21** |
| Skagafjörður | 3,1% | 3,1% | 21 | 22 |
| Reykhólahreppur | 2,7% | 3,1% | 22 | 23 |
| **Hvalfjarðarsveit** | **2,5%** | **2,9%** | **23** | **25** |
| **Skorradalshreppur** | **2,0%** | **5,3%** | **24** | **10** |
| Grýtubakkahreppur | 2,0% | 2,9% | 25 | 24 |
| Sveitarfélagið Hornafjörður | 1,6% | 1,6% | 26 | 28 |
| Langanesbyggð | 1,4% | 1,8% | 27 | 26 |
| Mýrdalshreppur | 1,3% | 1,7% | 28 | 27 |
| Norðurþing | 1,3% | 1,3% | 29 | 32 |
| Dalvíkurbyggð | 1,3% | 1,4% | 30 | 31 |
| Sveitarfélagið Vogar | 1,2% | 1,5% | 31 | 29 |
| Vopnafjarðarhreppur | 1,2% | 1,0% | 32 | 35 |
| Strandabyggð | 1,1% | 1,0% | 33 | 34 |
| Múlaþing | 1,0% | 1,0% | 34 | 36 |
| Hveragerðisbær | 0,9% | 1,1% | 35 | 33 |
| Sveitarfélagið Ölfus | 0,9% | 0,7% | 36 | 39 |
| Súðavíkurhreppur | 0,7% | 1,0% | 37 | 37 |
| Sveitarfélagið Árborg | 0,7% | 0,7% | 38 | 38 |
| Landið allt | 0,5% | 0,5% | 39 | 41 |
| Vesturbyggð | 0,5% | 0,5% | 40 | 40 |
| Mosfellsbær | 0,5% | 0,4% | 41 | 42 |
| **Sveitarfélagið Stykkishólmur** | **0,4%** | **0,3%** | **42** | **43** |
| Sveitarfélagið Skagaströnd | 0,3% | 0,2% | 43 | 48 |
| **Snæfellsbær** | **0,2%** | **0,3%** | **44** | **44** |
| Ísafjarðarbær | 0,2% | 0,3% | 45 | 45 |
| Akureyrarbær | 0,2% | 0,2% | 46 | 47 |
| Seltjarnarnesbær | 0,2% | 0,1% | 47 | 54 |
| Fjarðabyggð | 0,1% | 0,1% | 48 | 49 |
| Reykjanesbær | 0,1% | 0,1% | 49 | 50 |
| **Grundarfjarðarbær** | **0,1%** | **0,1%** | **50** | **56** |
| Reykjavíkurborg | 0,1% | 0,1% | 51 | 51 |
| Kópavogsbær | 0,1% | 0,1% | 52 | 52 |
| Garðabær | 0,1% | 0,1% | 53 | 57 |
| **Akraneskaupstaður** | **0,1%** | **0,1%** | **54** | **58** |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 0,0% | 0,0% | 55 | 60 |
| Grindavíkurbær | 0,0% | 0,1% | 56 | 53 |
| Suðurnesjabær | 0,0% | 0,0% | 57 | 59 |
| Bolungarvíkurkaupstaður | 0,0% | 0,0% | 58 | 61 |
| Vestmannaeyjabær | 0,0% | 0,0% | 59 | 62 |
| Árneshreppur | 0,0% | 0,2% | 60 | 46 |
| Fjallabyggð | 0,0% | 0,1% | 60 | 55 |
| Kaldrananeshreppur | 0,0% | 0,0% | 60 | 63 |

Sveitarfélög á Vesturlandi eru feitletruð. Landið allt er meðaltal og rauðletrað. Miðgildin eru bláletruð þau eru tvö vegna þess að fjöldi sveitarfélaga er jöfn tala.

Í báðum þessum sveitarfélögum fjarar undan vægi landbúnaðarins sé 2024 borið saman við 2017-2024 en hann gefur samt ekki eftir á landsvísu þar sem sveitarfélögin halda sínu sæti á landsvísu þegar árið 2024 er borið saman við 2017-2024.

Dalabyggð var í öðru sæti á Vesturlandi en þar mældist landbúnaður með um 5% vægi og var í 11. sæti á landsvísu. Athygli vekur að á tímabilinu 2017-2024 var Dalabyggð í 15. sæti á landsvísu og hafði því hækkað árið 2024.

Borgarbyggð hafnaði í þriðja sæti á Vesturlandi en því 20. á landsvísu með vægið 3%. Hvalfjarðarsveit og Skorradalshreppur komu næst á eftir með 2,5% og 2% í 23. og 24. sæti á landinu öllu. Þá eru upp talin sveitarfélög á sögulegum landbúnaðarhéruðum Vesturlands og hin dæmigerðu sjávarútvegssveitarfélög fylgja í kjölfarið með vægi landbúnaðar undir 1%. Fyrst Sveitarfélagið Stykkishólmur í 41. Sæti á landsvísu, þá Snæfellsbær í 43., Grundarfjarðarbær í 49. og Akraneskaupstaður í 53.

Vegna galla gagnanna sem minnst var á í kaflanum um gögnin gaf samanburður við fjölda framteljenda að baki þeim og fjölda lögbýla tilefni til að vægi landbúnaðar sé þó nokkuð vanmetinn. Þegar Dalabyggð og Borgarbyggð voru skoðuð sérstaklega virtist vanmatið geta verið um 66% og að vægið þar væri því um þrefalt hærra ef allt er talið. Vissulega er vanmat að finna í öðrum atvinnugreinum líka en ekki hjá hinu opinbera. Það myndi því lækka á móti þegar hinar atvinnugreinarnar hafa verið leiðréttar – sem hefur ekki verið gert hér.

## 6.5 HIÐ OPINBERA

Skorradalshreppur og Dalabyggð voru þau sveitarfélög sem byggðu mest á opinberum störfum bæði á Vesturlandi og landinu öllu þar sem vægið var 51% og 50% árið 2024. Þetta er ofmat eins og komið hefur fram en það er ofmat í öllum sveitarfélögum þannig að ekki er víst hvort leiðrétting myndi breyta röðinni meðal sveitarfélaga þó svo vægið myndi lækka.

**Tafla 5: Vægi hins opinbera í útsvarsgrunni sveitarfélaga 2024.**
Raðað eftir vægi landbúnaðar 2024. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands.

| *Sveitarfélag (af Vesturlandi feitletrað)* | *2024* | *2017-2024* | *Sæti 2024* | *Sæti 2017-2024* |
|---|---|---|---|---|
| **Skorradalshreppur** | **51,0%** | **49,3%** | **1** | **2** |
| **Dalabyggð** | **50,1%** | **50,6%** | **2** | **1** |
| Strandabyggð | 49,5% | 45,6% | 3 | 5 |
| Reykhólahreppur | 49,1% | 47,6% | 4 | 3 |
| Húnaþing vestra | 45,2% | 47,6% | 5 | 4 |
| Sveitarfélagið Skagaströnd | 43,1% | 37,7% | 6 | 11 |
| Húnabyggð | 42,3% | 43,0% | 7 | 6 |
| Grímsnes- og Grafningshreppur | 41,4% | 39,0% | 8 | 8 |
| **Sveitarfélagið Stykkishólmur** | **40,0%** | **37,7%** | **9** | **12** |
| Hveragerðisbær | 39,4% | 40,9% | 10 | 7 |
| Akureyrarbær | 38,4% | 37,8% | 11 | 10 |
| Eyjafjarðarsveit | 37,6% | 38,0% | 12 | 9 |
| Skagafjörður | 37,4% | 36,4% | 13 | 14 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 37,0% | 34,5% | 14 | 18 |
| Fjallabyggð | 36,9% | 32,7% | 15 | 23 |
| Ísafjarðarbær | 36,8% | 37,0% | 16 | 13 |
| Sveitarfélagið Árborg | 36,3% | 35,9% | 17 | 16 |
| Flóahreppur | 35,4% | 31,5% | 18 | 26 |
| Norðurþing | 35,2% | 33,1% | 19 | 22 |
| Tjörneshreppur | 33,9% | 33,2% | 20 | 21 |
| Hörgársveit | 33,9% | 33,9% | 21 | 19 |
| Múlaþing | 33,5% | 32,5% | 22 | 24 |
| **Borgarbyggð** | **33,5%** | **33,4%** | **23** | **20** |
| Rangárþing ytra | 33,1% | 35,0% | 24 | 17 |
| Vopnafjarðarhreppur | 32,8% | 31,4% | 25 | 28 |
| Reykjavíkurborg | 32,3% | 32,3% | 26 | 25 |
| Svalbarðsstrandarhreppur | 31,4% | 28,0% | 27 | 40 |
| **Akraneskaupstaður** | **31,2%** | **29,2%** | **28** | **34** |
| **Hvalfjarðarsveit** | **31,2%** | **31,4%** | **29** | **27** |
| Langanesbyggð | 30,9% | 29,9% | 30 | 32 |
| Landið allt | 30,7% | 30,5% | 31 | 31 |
| Seltjarnarnesbær | 30,0% | 31,3% | 32 | 29 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 29,7% | 29,1% | 33 | 35 |
| Sveitarfélagið Ölfus | 29,1% | 27,6% | 34 | 43 |
| **Grundarfjarðarbær** | **29,1%** | **28,7%** | **35** | **37** |
| Grýtubakkahreppur | 28,8% | 27,4% | 36 | 46 |
| Þingeyjarsveit | 28,8% | 30,7% | 37 | 30 |
| Kjósarhreppur | 28,8% | 25,9% | 38 | 50 |
| Kópavogsbær | 28,7% | 28,6% | 39 | 38 |
| Kaldrananeshreppur | 28,6% | 27,6% | 40 | 44 |
| Dalvíkurbyggð | 28,5% | 27,5% | 41 | 45 |
| Mosfellsbær | 28,5% | 28,5% | 42 | 39 |
| Rangárþing eystra | 27,9% | 29,1% | 43 | 36 |
| Bolungarvíkurkaupstaður | 27,7% | 27,8% | 44 | 42 |
| Garðabær | 26,9% | 26,6% | 45 | 47 |
| Vestmannaeyjabær | 26,1% | 23,9% | 46 | 53 |
| Súðavíkurhreppur | 26,0% | 28,0% | 47 | 41 |
| Suðurnesjabær | 25,2% | 23,3% | 48 | 56 |
| Sveitarfélagið Vogar | 25,2% | 23,8% | 49 | 54 |
| Bláskógabyggð | 25,1% | 26,0% | 50 | 49 |
| Skaftárhreppur | 24,9% | 29,7% | 51 | 33 |
| Fjarðabyggð | 24,1% | 24,0% | 52 | 52 |
| Ásahreppur | 24,1% | 26,2% | 53 | 48 |
| Vesturbyggð | 24,0% | 23,8% | 54 | 55 |
| Hrunamannahreppur | 23,0% | 24,6% | 55 | 51 |
| **Eyja- og Miklaholtshreppur** | **23,0%** | **36,3%** | **56** | **15** |
| Sveitarfélagið Hornafjörður | 22,2% | 22,6% | 57 | 58 |
| Grindavíkurbær | 22,1% | 19,9% | 58 | 62 |
| Reykjanesbær | 21,8% | 22,2% | 59 | 59 |
| **Snæfellsbær** | **21,3%** | **20,1%** | **60** | **61** |
| Fljótsdalshreppur | 20,9% | 22,8% | 61 | 57 |
| Mýrdalshreppur | 17,9% | 22,2% | 62 | 60 |

Hið opinbera = Opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta. Sveitarfélög á Vesturlandi eru feitletruð. Landið allt er meðaltal og rauðletrað. Miðgildin eru bláletruð þau eru tvö vegna þess að fjöldi sveitarfélaga er jöfn tala.

Sveitarfélagið Stykkishólmur var síðan í þriðja sæti á Vesturlandi hvað varðar vægi hins opinbera með 40% og í níunda sæti meðal allra sveitarfélaga á landinu. Sveitarfélagið virðist líka hafa aukið vægi borið saman við meðalvægið tímabilið 2017-2024 og hækkaði sig um þrjú sæti (úr 12. í 9. á landsvísu).

Borgarbyggð var í fjórða sæti á Vesturlandi með vægið 34% og breyttist ekki frá tímabilinu 2017-2024 en lækkaði samt um þrjú sæti, niður í 23. sæti á landsvísu. Það þýðir að einhver sveitarfélög eru að hækka vægið sitt eins og t.d. Sveitarfélagið Stykkishólmur því landsmeðaltalið breytist hverfandi lítið.

Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit komu næst á eftir Borgarbyggð í fimmta og sjötta sæti á Vesturlandi en 28 og 29 á landsvísu. Á landsvísu hækkaði Akraneskaupstaður um sex sæti en Hvalfjarðarsveit um tvö.

Grundarfjarðarbær fylgdi svo í kjölfarið í sjöunda sæti með 29% vægi og í 35. sæti á landsvísu og hækkaði um tvö sæti.

Eyja- og Miklaholtshreppur og Snæfellsbær ráku síðan lestina í áttunda og níunda sæti á Vesturlandi en 55. og 59. borið saman við öll önnur sveitarfélög á landinu. Breytingin er mikil hjá Eyja- og Miklaholtshreppi þegar horft var til sætisskipan á landsvísu er þeir féllu úr því 15. frá tímabilinu 2017-2024. Þar munar sjálfsagt mest um að sveitarfélagið rak ekki lengur grunnskóla árið 2024. Samkvæmt Árbókum sveitarfélaga var skóli síðast í rekstri árið 2020 (Sigurður Á. Snævarr og Jóhannes Á. Jóhannesson, 2020-2023).

## 6.6 FISKELDI

Fiskeldi var síðan tekið bara til „gamans“ þar sem sú atvinnugrein er í gríðarlegri uppbyggingu og fer mikið fyrir í umræðunni. Þar ber eitt sveitarfélag höfuð og herðar yfir önnur á landinu en það er Vesturbyggð (Tafla 6). Svo fylgir Súðavíkurhreppur á eftir með 8,2% og Árneshreppur með 4,7% í þriðja sæti.

**Tafla 6: Vægi fiskeldis í útsvarsgrunni sveitarfélaga 2024.**
Raðað eftir vægi ferðaþjónustu 2024. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands.

| *Sveitarfélag (af Vesturlandi feitletrað)* | *2024* | *2017-2024* | *Sæti 2024* | *Sæti 2017-2024* |
|---|---|---|---|---|
| Vesturbyggð | 26,0% | 24,2% | 1 | 1 |
| Súðavíkurhreppur | 8,2% | 6,7% | 2 | 2 |
| Árneshreppur | 4,7% | 1,0% | 3 | 13 |
| Norðurþing | 4,5% | 3,3% | 4 | 3 |
| Sveitarfélagið Ölfus | 3,9% | 2,9% | 5 | 4 |
| Ísafjarðarbær | 3,9% | 2,0% | 6 | 6 |
| Sveitarfélagið Vogar | 2,6% | 2,5% | 7 | 5 |
| Fljótsdalshreppur | 2,4% | 1,4% | 8 | 9 |
| Bolungarvíkurkaupstaður | 2,1% | 1,0% | 9 | 15 |
| Hveragerðisbær | 1,7% | 1,1% | 10 | 12 |
| Vestmannaeyjabær | 1,7% | 0,4% | 11 | 23 |
| Múlaþing | 1,7% | 1,3% | 12 | 10 |
| Skaftárhreppur | 1,7% | 1,6% | 13 | 8 |
| Grindavíkurbær | 1,6% | 1,7% | 14 | 7 |
| Fjarðabyggð | 1,6% | 1,1% | 15 | 11 |
| Suðurnesjabær | 0,8% | 0,8% | 16 | 16 |
| Reykhólahreppur | 0,8% | 0,2% | 17 | 33 |
| **Hvalfjarðarsveit** | **0,6%** | **1,0%** | **18** | **14** |
| Seltjarnarnesbær | 0,6% | 0,3% | 19 | 25 |
| **Grundarfjarðarbær** | **0,6%** | **0,4%** | **20** | **19** |
| Reykjanesbær | 0,6% | 0,6% | 21 | 18 |
| **Dalabyggð** | **0,5%** | **0,2%** | **22** | **30** |
| Þingeyjarsveit | 0,5% | 0,4% | 23 | 21 |
| Sveitarfélagið Árborg | 0,5% | 0,3% | 24 | 26 |
| Landið allt | 0,5% | 0,4% | 25 | 22 |
| **Sveitarfélagið Stykkishólmur** | **0,4%** | **0,3%** | **26** | **24** |
| Húnaþing vestra | 0,3% | 0,1% | 27 | 41 |
| Akureyrarbær | 0,2% | 0,2% | 28 | 32 |
| Mýrdalshreppur | 0,2% | 0,2% | 29 | 31 |
| Kópavogsbær | 0,2% | 0,1% | 30 | 35 |
| Garðabær | 0,2% | 0,1% | 31 | 40 |
| Kaldrananeshreppur | 0,2% | 0,6% | 32 | 17 |
| Mosfellsbær | 0,2% | 0,1% | 33 | 39 |
| **Snæfellsbær** | **0,2%** | **0,0%** | **34** | **49** |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 0,2% | 0,1% | 35 | 36 |
| Rangárþing eystra | 0,1% | 0,2% | 36 | 28 |
| Reykjavíkurborg | 0,1% | 0,1% | 37 | 44 |
| **Akraneskaupstaður** | **0,1%** | **0,1%** | **38** | **43** |
| Sveitarfélagið Hornafjörður | 0,1% | 0,1% | 39 | 48 |
| **Borgarbyggð** | **0,1%** | **0,1%** | **40** | **46** |
| Grímsnes- og Grafningshreppur | 0,0% | 0,2% | 41 | 27 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 0,0% | 0,0% | 42 | 55 |
| Dalvíkurbyggð | 0,0% | 0,0% | 43 | 53 |
| Skagafjörður | 0,0% | 0,1% | 44 | 47 |
| Ásahreppur | 0,0% | 0,0% | 45 | 57 |
| Bláskógabyggð | 0,0% | 0,1% | 45 | 37 |
| **Eyja- og Miklaholtshreppur** | **0,0%** | **0,2%** | **45** | **29** |
| Eyjafjarðarsveit | 0,0% | 0,0% | 45 | 56 |
| Fjallabyggð | 0,0% | 0,1% | 45 | 42 |
| Flóahreppur | 0,0% | 0,1% | 45 | 38 |
| Grýtubakkahreppur | 0,0% | 0,0% | 45 | 57 |
| Hrunamannahreppur | 0,0% | 0,0% | 45 | 52 |
| Húnabyggð | 0,0% | 0,0% | 45 | 50 |
| Hörgársveit | 0,0% | 0,0% | 45 | 57 |
| Kjósarhreppur | 0,0% | 0,0% | 45 | 57 |
| Langanesbyggð | 0,0% | 0,0% | 45 | 57 |
| Rangárþing ytra | 0,0% | 0,1% | 45 | 45 |
| **Skorradalshreppur** | **0,0%** | **0,0%** | **45** | **57** |
| Strandabyggð | 0,0% | 0,1% | 45 | 34 |
| Svalbarðsstrandarhreppur | 0,0% | 0,0% | 45 | 51 |
| Sveitarfélagið Skagaströnd | 0,0% | 0,0% | 45 | 57 |
| Tjörneshreppur | 0,0% | 0,4% | 45 | 20 |
| Vopnafjarðarhreppur | 0,0% | 0,0% | 45 | 54 |

Sveitarfélög á Vesturlandi eru feitletruð. Landið allt er meðaltal og rauðletrað. Miðgildin eru bláletruð þau eru tvö vegna þess að fjöldi sveitarfélaga er jöfn tala.

Hvalfjarðarsveit var hæst á Vesturlandi með 0,6% í 18. sæti á landsvísu. Svo fylgdu Dalabyggð og Sveitarfélagið Stykkishólmur fast á eftir. Reikna má að þessi atvinnugrein sé frekar ofmetin en vanmetin eins og hið opinbera því það er vafalaust lítið um einyrkja í henni.

# 7 HVERSU LÍKT EÐA ÓLÍKT VÆGI HAFA ATVINNUGREINAR EFTIR SVEITARFÉLÖGUM?

Vægisspönn[2] má reikna til að fá vísbendingar um hvort hagsmunir sveitarfélaga af tilteknum atvinnugreinum séu líkir eða ólíkir. Þetta gefur til kynna að hverskyns högg á þessar greinar eða velgengni muni dreifast eða lenda með mjög ólíkum hætti eftir sveitarfélögum þessa lands á meðan þetta er mun jafnara eftir öðrum greinum. Þessi spönn gæti verið vanmetin eins og umfjöllun yfir veikleika gagnanna bendir til. Spönnin var 54,6 prósentustig í ferðaþjónustu árið 2024 en 49,6 í sjávarútvegi og 46,7 í iðnaði en mikið minni í hinum þremur atvinnugreinunum (Tafla 7) sem bendir til að skellur á ferðaþjónustu hefði ólíkust neikvæð áhrif á sveitarfélög í landinu. Hins vegar var staðalfrávikið hærra í sjávarútvegi en ferðaþjónustu þetta ár en það er betri mælikvarði á misdreifni af þessu tagi. Iðnaður án fiskvinnslu hefur líka nokkuð háa vægisspönn og staðalfrávikið ekki mikið lægra en í ferðaþjónustu.

**Tafla 7: Vægisspönn og staðalfrávik vægis sex atvinnugreina á Íslandi 2024.**
Raðað eftir vægi ferðaþjónustu 2024. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands.

| Kennitölur | Sjávar-útvegur | Ferða-þjónusta | Iðnaðar | Landbúnaður | Hið opinbera | Fiskeldi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Vægisspönn | 49,6% | 54,6% | 46,7% | 20,2% | 33,1% | 26,0% |
| Staðalfrávik | 13,9% | 10,6% | 9,3% | 3,8% | 7,8% | 3,5% |

**Tafla 8: Vægisspönn og staðalfrávik vægis sex atvinnugreina á Íslandi 2017-2024.**
Raðað eftir vægi ferðaþjónustu 2024. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands.

| Kennitölur | Sjávar-útvegur | Ferða-þjónusta | Iðnaðar | Landbúnaður | Hið opinbera | Fiskeldi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Vægisspönn | 53,4% | 47,3% | 42,1% | 24,9% | 30,7% | 24,2% |
| Staðalfrávik | 15,3% | 9,3% | 9,2% | 4,6% | 7,3% | 3,2% |

Á tímabilinu 2017-2024 var vægisspönn hæst í sjávarútvegi og staðalfrávikið líka (Tafla 8). Það er því sanngjarnt að álykta að sjávarútvegur sé sú atvinnugrein þar sem hagsmunir sveitarfélaga eru ólíkastir á landinu en ferðaþjónustan stendur nærri og svo iðnaður án fiskvinnslu. Af þessu má því líka ráða að ef þessar atvinnugreinar yrðu fyrir áfalli í rekstri sínum myndi það mjög ólík áhrif á sveitarfélög landsins: Sum yrðu lítið sem ekkert vör við það í tekjum sínum á meðan önnur yrðu fyrir miklum neikvæðum áhrifum.

Að lokum er áhugavert að skoða hversu mörg sveitarfélög voru fyrir ofan og neðan miðgildi vægis atvinnugreinanna sem voru til skoðunar (Tafla 9).

**Tafla 9: Fjöldi sveitarfélaga á Vesturlandi fyrir ofan og neðan miðgildi allra sveitarfélaga 2024.**
Raðað eftir vægi ferðaþjónustu 2024. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands.

| Kennitölur | Sjávar-útvegur | Ferða-þjónusta | Iðnaðar | Landbúnaður | Hið opinbera | Fiskeldi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ofan | 5 | 4 | 4 | 5 | 6 | 4 |
| Neðan | 4 | 5 | 5 | 4 | 3 | 5 |

Meirihluti sveitarfélaga á Vesturlandi er fyrir ofan miðgildi vægis í sjávarútvegi, landbúnaði og hinu opinbera. Það eru vísbendingar fyrir því að Vesturland sem heild sé „sterkast“ í þessum þremur atvinnugreinum í samanburði við önnur sveitarfélög á landinu.

[2] Vægisspönn er munurinn á hæsta og lægsta vægi. Einfaldur frádráttur. Hér var það reiknað fyrir tiltekna atvinnugrein þar sem sveitarfélagið með lægsta vægið var dregið frá sveitarfélaginu með hæsta vægið.

# 8 VÆGI NOKKURRA ATVINNUGREINA MEÐAL LANDSHLUTA

Næst var skoðað hvaðan útsvarstekjur landshlutans koma sem heild og til þess var vægið reiknað sem vegið meðaltal alls landhlutans árið 2024 (Tafla 10). Þá vigtar vægi Akraneskaupstaðar þyngst í því, þar sem heildarútsvarsgreiðslur er mestar þar í landshlutanum. Niðurstaðan gaf til kynna að hið opinbera vó þyngst á metunum á Vesturlandi (31,8%) en iðnaður án fiskvinnslu fylgdi fast á eftir (29,2%). Sjávarútvegur var þriðji í röðinni (11,8%). Fiskeldi er minnsta atvinnugreinin á Vesturlandi af þessum sex á þennan kvarða. Athygli vekur hvað þessi atvinnugrein vigtar lítið á Vestfjörðum (7,8%) og á landinu öllu (0,5%) - ennþá.

Athygli vekur einnig að þó hið opinbera vigti þyngst á metunum á Vesturlandi þá vigtar sú atvinnugrein þyngra í þremur öðrum landshlutum. Reyndar vigtar hún þyngst í öllum landshlutum nema Suðurnesjum þar sem ferðaþjónustan er stærri. Þar eru ríkisstörf vegna flugvallarins trúlega flokkuð með ferðaþjónustu sem er rétt m.v. hvernig hið opinbera er skilgreint hér. Áhugavert er að bera þessar tölur saman við úttekt Byggðastofnunar og fleiri (Vífill Karlsson, 2019; Þorkell Stefánsson, 2024) á ríkisstörfum og skiptingu þeirra niður á landshluta. Þar hefur Vesturland ítrekað verið í neðsta eða næstneðsta sætinu. Það er vegna þess að þar er eingöngu verið að skoða ríkisstörf og og hversu mörg þau eru á hvern íbúa en ekki framlag starfa bæði ríki og sveitarfélaga til útsvarsstofns vegið m.t.t. annarra atvinnugreina eins og hér er gert.

**Tafla 10: Vægi sex atvinnugreina í útsvarsgrunni sveitarfélaga eftir landshlutum 2024.**
Raðað eftir stafrófsröð landshluta. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands.

| Landshluti | Sjávar-útvegur | Ferða-þjónusta | Iðnaðar | Land-búnaður | Hið opinbera | Fiskeldi | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Austurland | 17,6% | 5,7% | 25,5% | 0,6% | 28,6% | 1,6% | 79,5% |
| Höfuðborgarsvæðið | 1,5% | 10,4% | 25,8% | 0,1% | 30,7% | 0,2% | 68,6% |
| Norðurland eystra | 11,4% | 8,6% | 21,5% | 1,0% | 36,4% | 0,6% | 79,5% |
| Norðurland vestra | 11,1% | 5,1% | 17,0% | 3,3% | 39,9% | 0,0% | 76,5% |
| Suðurland | 8,5% | 13,9% | 22,2% | 2,5% | 31,4% | 0,9% | 79,4% |
| Suðurnes | 7,8% | 27,1% | 18,6% | 0,1% | 22,4% | 0,8% | 76,9% |
| Vestfirðir | 22,1% | 5,0% | 15,8% | 0,4% | 33,6% | 7,8% | 84,7% |
| **Vesturland** | **11,8%** | **6,7%** | **29,2%** | **1,1%** | **31,8%** | **0,2%** | **80,9%** |
| Meðaltal landshl. | 11,5% | 10,3% | 21,9% | 1,1% | 31,9% | 1,5% | 78,2% |
| Miðgildið landshl. | 11,2% | 7,7% | 21,8% | 0,8% | 31,6% | 0,7% | 79,5% |
| Landið allt | 5,3% | 11,5% | 24,5% | 3,0% | 30,7% | 0,5% | 75,5% |

Í þessum samanburði varð Vesturland stærsti iðnaðar landshlutinn (29,2%), höfuðborgarsvæðið kemur næst á eftir og síðan Austurland. Þarna vigtar stóriðjan vafalaust þungt a.m.k. á Vesturlandi og Austurlandi. Athygli vekur einnig að vigt Vesturlands er lægri en landsins alls í ferðaþjónustu, meðaltals landshlutanna sem og miðgildis. Kemur nokkuð á óvart m.v. að vera eitt þriggja aðliggjandi landsvæða höfuðborgarsvæðisins. Þarna munar kannski mikið um hvað fjölmennasta sveitarfélag landshlutans skorar lágt í þeirri atvinnugrein en líka hvað iðnaðurinn án fiskvinnslu er stór.

Á óvart kom hvað sjávarútvegur vigtar lítið á Vesturlandi m.v. legu landshlutans svo nærri öflugustu fiskimiðum landsins á Faxaflóa og Breiðafirði. Þar munar vafalaust aftur um hlut Akraneskaupstaðar sem var ein öflugasta (og ein elsta) verstöð landsins og hefur þrátt fyrir forspá margra hagfræðilögmála (sjá framar) tapað því forskoti. Sem dæmi hefði plássfrek/landfrek starfsemi eins og fiskiðnaður átt að þrýstast út úr miðju borgarinnar til nærliggjandi útgerðarstaða - samkvæmt von-Thunen. Það hefur að einhverju leyti gerst í tilfelli Hafnarfjarðar og Reykjaness en alls ekki Akraness og ennþá starfrækir Brim stóra fiskverkun á einu verðmætasta byggingarsvæði borgarinnar en átti eina slíka á Akranesi sem nú hefur verið breytt í þekkingarsetur og skrifstofuhótel.

# 9 SVEITARFÉLÖG VESTURLANDS OG MIKILVÆGUSTU ATVINNUGREINAR ÞEIRRA

## 9.1 AKRANESKAUPSTAÐUR

**Tafla 11: Vægi valinna atvinnugreina í útsvarsgrunni Akraneskaupstaðar**
Raðað eftir vægi 2024. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands.

| Atvinnugreinar | *2024* | *2017-2024* | *Sæti 2024* | *Sæti 2017-2024* |
|---|---|---|---|---|
| Iðnaður án fiskvinnslu | 39,0% | 39,6% | 2 | 2 |
| Hið opinbera* | 31,2% | 29,2% | 28 | 34 |
| Fiskveiðar og -vinnsla | 6,2% | 8,4% | 30 | 27 |
| Ferðaþjónusta | 2,9% | 2,8% | 58 | 58 |
| Landbúnaður | 0,1% | 0,1% | 52 | 56 |
| Fiskeldi | 0,1% | 0,1% | 37 | 42 |
| Samtals | 79,5% | 80,0% | | |
| * Opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta | | | | |

Árið 2024 var iðnaður (án fiskvinnslu) stærsta atvinnugrein Akraneskaupstaðar þegar horft er til vægis þeirra í útsvarstekjum sveitarfélagsins (Tafla 11). Hið opinbera kemur fast á hæla hans. Á landsvísu er Akraneskaupstaður annað stærsta iðnaðarsveitarfélagið sama hvort til lengri eða skemmri tíma er litið (Tafla 3). Sé eingöngu horft til álíka fjölmennra sveitarfélaga er Akraneskaupstaður stærsta iðnaðarsveitarfélagið og eiginlega það lang stærsta.

Þetta fyrrum sjávarútvegssveitarfélag náði ekki nema 6,2% af sínu útsvari úr sjávarútvegi (ef við afmörkum hann við fiskveiðar og fiskvinnslu) og hefur farið lækkandi sé árið 2024 borið saman við tímabilið 2017-2024. Fiskveiðarnar eru 3,7 prósentustig af því (Tafla 20).

Akraneskaupstaður vermir eiginlega botnsætið í ferðaþjónustu ásamt Bolungarvíkurkaupstað, Vopnafjarðarhreppi, Fjarðabyggð og Sveitarfélaginu Skagaströnd (Tafla 2). Það er óvenjulegt m.v. staðsetningu gagnvart höfuðborgarsvæðinu þar sem flestir erlendir ferðamenn gista og gagnvart Leifsstöð sem er fjölfarnasta hlið ferðamanna inn í landið. Ekki vantar áhugaverða áfangastaði í nágrenni Akraness þar sem Hval- og Borgarfjörðurinn eru nærri og bærinn hefur ýmislegt upp á að bjóða. Nýlega kom það fram í stórri skoðanakönnun að lang flestir heimamenn fagna fleiri ferðamönnum og var það hlutfall hvergi hærra á landinu m.v. skiptingu þess upp í landshluta (Vífill Karlsson & Hrafnhildur Tryggvadóttir, 2024).

## 9.2 HVALFJARÐARSVEIT

**Tafla 12: Vægi valinna atvinnugreina í útsvarsgrunni Hvalfjarðarsveitar**
Raðað eftir vægi 2024. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands.

| Atvinnugreinar | ***2024*** | ***2017-2024*** | ***Sæti 2024*** | ***Sæti 2017-2024*** |
|---|---|---|---|---|
| Iðnaður án fiskvinnslu | 37,8% | 37,4% | 3 | 3 |
| Hið opinbera* | 31,2% | 31,4% | 29 | 27 |
| Fiskveiðar og -vinnsla | 4,5% | 4,6% | 37 | 36 |
| Ferðaþjónusta | 3,6% | 4,4% | 53 | 52 |
| Landbúnaður | 2,5% | 2,9% | 23 | 25 |
| Fiskeldi | 0,6% | 1,0% | 18 | 14 |
| Samtals | 80,2% | 81,7% | | |
| * Opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta | | | | |

Í Hvalfjarðarsveit var iðnaður án fiskvinnslu stærsta atvinnugreinin árið 2024 eins og í Akraneskaupstað (Tafla 12). Þetta vægi var þriðja hæsta á landinu í samanburði við hin 62 sveitarfélögin landið um kring. Hið opinbera vó 31,2% af heildinni en vægi landbúnaðarins mældist ekki mikið (2,5%) í þessu fyrrum landbúnaðarhéraði.

Samtals stóðu þessar sex atvinnugreinar að baki um 80% útsvarstekjum Hvalfjarðarsveitar.

**Tafla 13: Vægi valinna atvinnugreina í útsvarsgrunni Skorradalshrepps**
Raðað eftir vægi 2024. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands.

| Atvinnugreinar | ***2024*** | ***2017-2024*** | ***Sæti 2024*** | ***Sæti 2017-2024*** |
|---|---|---|---|---|
| Hið opinbera* | 51,0% | 49,3% | 1 | 2 |
| Iðnaður án fiskvinnslu | 28,5% | 26,7% | 11 | 15 |
| Ferðaþjónusta | 3,2% | 5,4% | 57 | 46 |
| Landbúnaður | 2,0% | 5,3% | 24 | 10 |
| Fiskveiðar og -vinnsla | 0,0% | 0,1% | 60 | 62 |
| Fiskeldi | 0,0% | 0,0% | 44 | 56 |
| Samtals | 84,7% | 86,6% | | |
| * Opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta | | | | |

Hið opinbera var langstærsta atvinnugrein Skorradalshrepps (51%) árið 2024 og var hvergi stærri á landinu en þar það árið (Tafla 13). Iðnaður kemst næst henni með 28,5% vægi og samtals telja þessar sex atvinnugreinar um 85% en þessar tvær fyrrnefndu um 80%. Hinar eru því mjög litlar í Skorradalshreppi og landbúnaður 2,0% í þessu fyrrum landbúnaðarhéraði og samfélagi þar sem ekkert þéttbýli er að finna.

Þetta háa vægi hins opinbera og iðnaðar vekur athygli en líka hitt að bæði ferðaþjónusta og landbúnaður vigta lítið í þessum hreppi sem flestir tengja einmitt helst við þessar atvinnugreinar en líka hitt að báðar gefa þær eftir í samanburði 2024 við 2017-2024.

Á það skal bent að Skorradalshreppur er hluti af sama vinnumarkaðssvæði og Borgarbyggð og það skýrir kannski þessi hlutföll nema kannski helst samdráttinn í ferðaþjónustu.

Hafa verður gætur á þegar breytingar á hlutföllum sem þessum eru skoðaðar í svo fámennum samfélögum eins og Skorradalshreppi en líka bornar saman við önnur fjölmennari, því í hinum fámennu þarf ekki marga launþega til að hafa mikil áhrif á svona hlutföll. Hins vegar eru þessi hlutföll nokkuð stöðug í tíma (2024 borið saman við 2017-2024).

**Tafla 14: Vægi valinna atvinnugreina í útsvarsgrunni Borgarbyggðar**
Raðað eftir vægi 2024. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands.

| Atvinnugreinar | ***2024*** | ***2017-2024*** | ***Sæti 2024*** | ***Sæti 2017-2024*** |
|---|---|---|---|---|
| Hið opinbera* | 33,5% | 33,4% | 23 | 20 |
| Iðnaður án fiskvinnslu | 29,1% | 29,6% | 10 | 9 |
| Ferðaþjónusta | 12,5% | 11,5% | 15 | 16 |
| Landbúnaður | 3,1% | 3,2% | 20 | 21 |
| Fiskveiðar og -vinnsla | 1,7% | 1,8% | 47 | 47 |
| Fiskeldi | 0,1% | 0,1% | 39 | 45 |
| Samtals | 80,0% | 79,6% | | |
| * Opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta | | | | |

Hið opinbera var stærsta atvinnugrein Borgarbyggðar árið 2024 en það vó 33,5% í útsvarsstofni sveitarfélagsins (Tafla 14). Á landsvísu var það einungis í 23. sæti af 62. Iðnaður án fiskvinnslu kom fast á hæla hins opinbera með 29,1% og þar var sveitarfélagið í 10 sæti á landsvísu. Landbúnaður vó um 3,1% á þennan kvarða.

Þegar sveitarfélagið er borið saman við öll önnur sveitarfélög á landinu er það sterkast í iðnaði án fiskvinnslu þegar sætistalan er skoðuð (10. sæti) og næst sterkast í ferðaþjónustu (15. sæti). Verst stendur það í sjávarútvegi á þennan hátt.

Ferðaþjónusta er nokkuð stór í Borgarbyggð upp á 12,5% og í 15. sæti á landsvísu. Vægi hennar virðist fara vaxandi þar sem meðaltal 2017-2024 var prósentustiginu lægra og sætið færist upp um eitt.

Þessar sex atvinnugreinar stóðu á bakvið 80% af útsvarsgrunni Borgarbyggðar. Á vissan hátt má segja að þegar horft er á töfluna yfir vægi þá er engin atvinnugrein sem ber algjörlega höfuð og herðar yfir aðrar atvinnugreinar innan sveitarfélagsins. Það ber vott um frekar fjölbreytt atvinnulíf með óvenju margar stoðir miðað við smæð samfélagsins. Að þessu leyti er Borgarbyggð líkt Akraneskaupstað sem er fjórfalt stærra samfélag, og eiginlega betur dreifðara milli ólíkra atvinnugreina.

**Tafla 15: Vægi valinna atvinnugreina í útsvarsgrunni Eyja- og Miklaholtshrepps**
Raðað eftir vægi 2024. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands.

| Atvinnugreinar | ***2024*** | ***2017-2024*** | ***Sæti 2024*** | ***Sæti 2017-2024*** |
|---|---|---|---|---|
| Ferðaþjónusta | 23,5% | 14,5% | 7 | 9 |
| Hið opinbera* | 23,0% | 36,3% | 55 | 14 |
| Fiskveiðar og -vinnsla | 18,7% | 11,9% | 18 | 23 |
| Landbúnaður | 13,6% | 15,5% | 2 | 2 |
| Iðnaður án fiskvinnslu | 3,3% | 5,9% | 62 | 60 |
| Fiskeldi | 0,0% | 0,2% | 44 | 28 |
| Samtals | 82,1% | 84,3% | | |
| * Opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta | | | | |

Í Eyja- og Miklaholtshreppi vógu ferðaþjónusta og hið opinbera mest og nokkuð jafnt um 23% (Tafla 15). Hins vegar taka tvær aðrar atvinnugreinar líka vel til sín en það eru fiskveiðar og -vinnsla 18,7% og landbúnaður 13,6%. Athygli vekur að landbúnaður vigtar bara meira í einu öðru sveitarfélagi á landinu (Tafla 4). Athygli vekur líka að Eyja- og Miklaholtshreppur var í sjöunda sæti í ferðaþjónustu (Tafla 2). Iðnaður og fiskeldi eru svo miklu lægri (Tafla 15). Þessar atvinnugreinar vógu 82% af útsvarsgrunni sveitarfélaga.

Við nánari rýni kom í ljós að nánast öll störf í fiskveiðum- og vinnslu áttu að flokkast með ferðaþjónustu. Við það færðist hreppurinn í þriðja sæti á landsvísu yfir ferðaþjónustu sveitarfélög.

Þá sést að hið opinbera dróst mikið saman sem rakið verður til reksturs Laugagerðiskóla sem var nýlega hætt eins og áður sagði.

**Tafla 16: Vægi valinna atvinnugreina í útsvarsgrunni Grundarfjarðarbæjar**
Raðað eftir vægi 2024. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands.

| Atvinnugreinar | ***2024*** | ***2017-2024*** | ***Sæti 2024*** | ***Sæti 2017-2024*** |
|---|---|---|---|---|
| Fiskveiðar og -vinnsla | 38,6% | 41,5% | 5 | 5 |
| Hið opinbera* | 29,1% | 28,7% | 34 | 36 |
| Iðnaður án fiskvinnslu | 10,2% | 8,3% | 54 | 56 |
| Ferðaþjónusta | 7,0% | 6,1% | 40 | 42 |
| Fiskeldi | 0,6% | 0,4% | 20 | 19 |
| Landbúnaður | 0,1% | 0,1% | 49 | 55 |
| Samtals | 85,6% | 85,1% | | |
| * Opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta | | | | |

Fiskveiðar og -vinnsla voru lang stærstu atvinnugreinar Grundarfjarðarbæjar með nærri 40% vægi og skipuðu sér í 5. sæti á landsvísu (Tafla 16). Það skiptist nokkuð jafnt á milli veiða og vinnslu (Tafla 20 og Tafla 21). Hið opinbera kom þar næst á eftir með nærri 30% og var í 34. sæti af 62 sveitarfélögum landsins.

Fiskveiðar og -vinnsla virðast gefa eftir en gildið fyrir 2017-2024 er hærra en 2024. Á móti hækkuðu annar iðnaður og ferðaþjónusta. Grundarfjarðarbær náði 20. sæti í fiskeldi jafnvel þó svo að sú atvinnugrein hafi eingöngu staðið á bakvið 0,6% af heildinni. Ekki er mikið um sætisbreytingar meðal atvinnugreina Grundarfjarðarbæjar í samanburðinum 2024 og 2017-2024 nema í landbúnaði sem fór úr 55. í 49. Samt breyttist vægi hans í Grundarfjarðarbæ ekki neitt og var áfram mjög lágt 0,1%.

**Tafla 17: Vægi valinna atvinnugreina í útsvarsgrunni Sveitarfélagsins Stykkishólmur**
Raðað eftir vægi 2024. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands.

| Atvinnugreinar | *2024* | *2017-2024* | *Sæti 2024* | *Sæti 2017-2024* |
|---|---|---|---|---|
| Hið opinbera* | 40,0% | 37,7% | 9 | 12 |
| Fiskveiðar og -vinnsla | 15,6% | 19,5% | 19 | 18 |
| Iðnaður án fiskvinnslu | 13,1% | 11,9% | 50 | 50 |
| Ferðaþjónusta | 12,3% | 12,3% | 16 | 15 |
| Landbúnaður | 0,4% | 0,3% | 41 | 42 |
| Fiskeldi | 0,4% | 0,3% | 25 | 23 |
| Samtals | 81,8% | 82,0% | | |
| * Opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta | | | | |

Hið opinbera er mikilvægasta atvinnugrein Sveitarfélagsins Stykkishólms og vó 40% í útsvarsgrunni sveitarfélagsins (Tafla 17). Hið opinbera vigtaði aðeins meira í átta öðrum sveitarfélögum á landinu. Fiskveiðar og -vinnsla komu næst á eftir með 15,6% vægi en virðist hafa dregist saman þar sem meðaltalið var 19,5% fyrir árin 2017-2024. Iðnaður án fiskvinnslu var í þriðja sæti með 13,1% og svo ferðaþjónusta með 12,3%. Í fyrstu hefði mátt láta það koma sér á óvart hvað ferðþjónusta vigtaði lítið í Stykkishólmi sem hefur verið vinsæll áfangastaður hérlendis en þeir eru samt í 16. sæti á landsvísu. Í heildina vigtuðu þessar sex atvinnugreinar 81,8% (Tafla 17). Það er hins vegar óvænt að sjá það verma 50. sæti af 62 í iðnaði án fiskvinnslu en Stykkishólmur var á seinni hluta 20. aldar nokkuð sterkur þar enda iðnskóli starfræktur þar á svipuðum tíma.

**Tafla 18: Vægi valinna atvinnugreina í útsvarsgrunni Snæfellsbæjar**
Raðað eftir vægi 2024. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands.

| Atvinnugreinar | *2024* | *2017-2024* | *Sæti 2024* | *Sæti 2017-2024* |
|---|---|---|---|---|
| Fiskveiðar og -vinnsla | 49,4% | 52,8% | 2 | 2 |
| Hið opinbera* | 21,3% | 20,1% | 59 | 60 |
| Ferðaþjónusta | 9,1% | 7,1% | 27 | 37 |
| Iðnaður án fiskvinnslu | 4,6% | 4,8% | 60 | 61 |
| Landbúnaður | 0,2% | 0,3% | 43 | 43 |
| Fiskeldi | 0,2% | 0,0% | 33 | 48 |
| Samtals | 84,8% | 85,1% | | |
| * Opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta | | | | |

Í Snæfellsbæ voru fiskveiðar og -vinnsla stærsta atvinnugreinin þar sem rekja má um helming útsvarstekna sveitarfélagsins til hennar (Tafla 18). Þó gaf hún eftir þegar 2024 var borið saman við tímabilið 2017-2024 en sætistalan hélst óbreytt. Aðeins eitt annað sveitarfélag er á þennan hátt stærra í þessari atvinnugrein (Tafla 1). Veiðarnar vega þyngra en vinnslan í Snæfellsbæ og þar er sveitarfélagið hæst á landinu sama hvort litið er eingöngu til ársins 2024 (Tafla 20) eða tímabilsins 2017-2024 (Tafla 21).

Hið opinbera kemur næst á eftir með 21,3% og færist í aukana. Samt er athyglisvert að sjá Snæfellbæ með næst lægsta hlutfall hins opinbera á landsvísu (Tafla 5). Verra er að sjá hvað iðnaður án fiskvinnslu á landsvísu lágt (Tafla 3). Ferðaþjónusta vó 9,1% og fer vaxandi og fór úr 37. sæti í 27. Þessar sex atvinnugreinar stóðu á bakvið 84,8% af útsvarstekjum Snæfellsbæjar (Tafla 18).

**Tafla 19: Vægi valinna atvinnugreina í útsvarsgrunni Dalabyggðar**
Raðað eftir vægi 2024. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands.

| Atvinnugreinar | ***2024*** | ***2017-2024*** | ***Sæti 2024*** | ***Sæti 2017-2024*** |
|---|---|---|---|---|
| Hið opinbera* | 50,1% | 50,6% | 2 | 1 |
| Iðnaður án fiskvinnslu | 21,8% | 21,4% | 35 | 33 |
| Landbúnaður | 4,7% | 4,4% | 11 | 15 |
| Ferðaþjónusta | 4,3% | 4,3% | 50 | 53 |
| Fiskveiðar og -vinnsla | 4,1% | 3,3% | 39 | 41 |
| Fiskeldi | 0,5% | 0,2% | 22 | 30 |
| Samtals | 85,5% | 84,2% | | |
| * Opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta | | | | |

Hið opinbera var stærsta atvinnugreinin í Dalabyggð og stóð á bakvið 50,1% útsvarstekna (Tafla 19). Athygli vekur að þeir voru í öðru sæti á landsvísu varðandi hlutfallslega stærð hins opinbera árið 2024 og í fyrsta sæti árin 2017-2024 (Tafla 5). Iðnaður án fiskvinnslu var í öðru sæti með 21,8% og eru þar nærri miðju hvað þá atvinnugrein varðar. Þar munar sjálfsagt mikið um mjólkuriðnaðinn en einnig er að finna smærri iðnaðarfyrirtæki og einyrkja í iðn. Þessar sex atvinnugreinar töldu 85,5% af útsvarsgrunni Dalabyggðar (Tafla 19).

Landbúnaður er vanmetinn eins og áður sagði. Betri tölur gætu þrefaldað hann að vægi og á móti myndi hið opinbera lækka. Þó er alls ekki víst að sætisröðin myndi breytast þó betri tölur kæmu.

# 10 VIÐAUKI

## 10.1 SJÁVARÚTVEGUR 2024

**Tafla 20: Vægi sjávarútvegs í útsvarsgrunni sveitarfélaga 2024.**
Raðað eftir vægi fiskveiða. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands. Sjá einnig í Glefsu á þessu ári (Vífill Karlsson, 2025b).

| *Sveitarfélag (af Vesturlandi feitletrað)* | *Fiskveiðar* | *Fiskvinnsla* | *Samtals* | *Fiskveiðar, sæti* | *Fiskvinnsla, sæti* | *Samtals, sæti* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Snæfellsbær** | **35,7%** | **13,7%** | **49,4%** | **1** | **10** | **2** |
| Kaldrananeshreppur | 34,6% | 15,0% | 49,6% | 2 | 9 | 1 |
| Sveitarfélagið Skagaströnd | 30,8% | 1,1% | 31,9% | 3 | 38 | 9 |
| Grýtubakkahreppur | 23,1% | 16,6% | 39,7% | 4 | 7 | 4 |
| **Grundarfjarðarbær** | **19,3%** | **19,3%** | **38,6%** | **5** | **4** | **5** |
| Vestmannaeyjabær | 18,7% | 12,4% | 31,1% | 6 | 11 | 10 |
| Fjallabyggð | 17,6% | 5,4% | 23,0% | 7 | 20 | 14 |
| Bolungarvíkurkaupstaður | 16,9% | 17,7% | 34,6% | 8 | 5 | 7 |
| Langanesbyggð | 16,0% | 28,2% | 44,2% | 9 | 2 | 3 |
| Dalvíkurbyggð | 13,6% | 20,4% | 34,0% | 10 | 3 | 8 |
| Fjarðabyggð | 13,6% | 10,4% | 24,0% | 10 | 15 | 12 |
| Grindavíkurbær | 13,4% | 15,7% | 29,1% | 12 | 8 | 11 |
| Sveitarfélagið Hornafjörður | 11,8% | 12,1% | 23,9% | 13 | 12 | 13 |
| **Sveitarfélagið Stykkishólmur** | **11,8%** | **3,9%** | **15,7%** | **13** | **21** | **19** |
| Súðavíkurhreppur | 11,0% | 10,5% | 21,5% | 15 | 14 | 15 |
| Vesturbyggð | 10,1% | 9,0% | 19,1% | 16 | 17 | 17 |
| Ísafjarðarbær | 9,1% | 11,9% | 21,0% | 17 | 13 | 16 |
| Strandabyggð | 8,7% | 3,1% | 11,8% | 18 | 23 | 22 |
| Hörgársveit | 6,7% | 1,8% | 8,5% | 19 | 33 | 25 |
| Tjörneshreppur | 6,5% | 1,8% | 8,3% | 20 | 33 | 26 |
| Skagafjörður | 6,5% | 6,0% | 12,5% | 20 | 19 | 21 |
| Akureyrarbær | 6,1% | 2,0% | 8,1% | 22 | 30 | 27 |
| Múlaþing | 5,8% | 2,0% | 7,8% | 23 | 30 | 28 |
| Árneshreppur | 5,3% | 0,0% | 5,3% | 24 | 56 | 34 |
| Húnabyggð | 5,1% | 0,3% | 5,4% | 25 | 49 | 32 |
| Vopnafjarðarhreppur | 5,1% | 31,4% | 36,5% | 25 | 1 | 6 |
| Norðurþing | 5,1% | 3,7% | 8,8% | 25 | 22 | 24 |
| Reykhólahreppur | 4,9% | 2,5% | 7,4% | 28 | 27 | 29 |
| Svalbarðsstrandarhreppur | 4,8% | 0,9% | 5,7% | 29 | 40 | 31 |
| Eyjafjarðarsveit | 4,1% | 1,0% | 5,1% | 30 | 39 | 35 |
| **Hvalfjarðarsveit** | **3,8%** | **0,8%** | **4,6%** | **31** | **42** | **38** |
| **Akraneskaupstaður** | **3,7%** | **2,6%** | **6,3%** | **32** | **26** | **30** |
| Sveitarfélagið Ölfus | 3,5% | 7,0% | 10,5% | 33 | 18 | 23 |
| Suðurnesjabær | 3,2% | 10,4% | 13,6% | 34 | 15 | 20 |
| Sveitarfélagið Árborg | 3,1% | 0,4% | 3,5% | 35 | 48 | 42 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 3,0% | 0,0% | 3,0% | 36 | 56 | 43 |
| Landið allt | 2,8% | 2,0% | 4,8% | 37 | 30 | 37 |
| **Dalabyggð** | **2,8%** | **1,3%** | **4,1%** | **37** | **36** | **40** |
| Hveragerðisbær | 2,6% | 0,2% | 2,8% | 39 | 52 | 45 |
| Sveitarfélagið Vogar | 2,4% | 2,9% | 5,3% | 40 | 24 | 33 |
| Þingeyjarsveit | 2,3% | 2,8% | 5,1% | 41 | 25 | 35 |
| Reykjanesbær | 2,2% | 2,3% | 4,5% | 42 | 28 | 39 |
| Ásahreppur | 2,2% | 0,2% | 2,4% | 42 | 52 | 47 |
| **Eyja- og Miklaholtshreppur** | **1,8%** | **16,9%** | **18,7%** | **44** | **6** | **18** |
| Húnaþing vestra | 1,7% | 2,2% | 3,9% | 45 | 29 | 41 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 1,7% | 0,9% | 2,6% | 45 | 40 | 46 |
| Mosfellsbær | 1,4% | 0,2% | 1,6% | 47 | 52 | 50 |
| Bláskógabyggð | 1,4% | 0,0% | 1,4% | 47 | 56 | 53 |
| Kjósarhreppur | 1,2% | 1,8% | 3,0% | 49 | 33 | 43 |
| Rangárþing eystra | 1,2% | 0,0% | 1,2% | 49 | 56 | 54 |
| Kópavogsbær | 1,1% | 0,5% | 1,6% | 51 | 45 | 50 |
| Garðabær | 1,0% | 0,5% | 1,5% | 52 | 45 | 52 |
| **Borgarbyggð** | **0,9%** | **0,8%** | **1,7%** | **53** | **42** | **48** |
| Reykjavíkurborg | 0,7% | 0,5% | 1,2% | 54 | 45 | 54 |
| Hrunamannahreppur | 0,5% | 0,0% | 0,5% | 55 | 56 | 58 |
| Rangárþing ytra | 0,5% | 0,7% | 1,2% | 55 | 44 | 54 |
| Seltjarnarnesbær | 0,5% | 1,2% | 1,7% | 55 | 37 | 48 |
| Mýrdalshreppur | 0,3% | 0,3% | 0,6% | 58 | 49 | 57 |
| Fljótsdalshreppur | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 59 | 56 | 61 |
| Flóahreppur | 0,0% | 0,3% | 0,3% | 59 | 49 | 59 |
| Grímsnes- og Grafningshreppur | 0,0% | 0,1% | 0,1% | 59 | 55 | 60 |
| Skaftárhreppur | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 59 | 56 | 61 |
| **Skorradalshreppur** | **0,0%** | **0,0%** | **0,0%** | **59** | **56** | **61** |

**Tafla 21: Vægi sjávarútvegs í útsvarsgrunni sveitarfélaga 2017-2024.**
Raðað eftir vægi fiskveiða. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands.

| *Sveitarfélag (af Vesturlandi feitletrað)* | *Fiskveiðar* | *Fiskvinnsla* | *Samtals* | *Fiskveiðar, sæti* | *Fiskvinnsla, sæti* | *Samtals, sæti* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Snæfellsbær** | **38,3%** | **14,5%** | **52,8%** | **1** | **10** | **2** |
| Kaldrananeshreppur | 35,4% | 18,2% | 53,5% | 2 | 6 | 1 |
| Sveitarfélagið Skagaströnd | 34,0% | 1,1% | 35,1% | 3 | 39 | 10 |
| Grýtubakkahreppur | 25,5% | 18,1% | 43,6% | 4 | 7 | 4 |
| Vestmannaeyjabær | 23,0% | 14,5% | 37,5% | 5 | 9 | 7 |
| **Grundarfjarðarbær** | **21,8%** | **19,7%** | **41,5%** | **6** | **3** | **5** |
| Bolungarvíkurkaupstaður | 20,0% | 16,5% | 36,5% | 7 | 8 | 8 |
| Fjallabyggð | 19,2% | 7,3% | 26,5% | 8 | 20 | 15 |
| Grindavíkurbær | 16,5% | 19,2% | 35,7% | 9 | 5 | 9 |
| Langanesbyggð | 16,4% | 32,1% | 48,4% | 10 | 2 | 3 |
| Fjarðabyggð | 16,1% | 11,0% | 27,1% | 11 | 16 | 13 |
| Súðavíkurhreppur | 14,9% | 12,1% | 27,0% | 12 | 13 | 14 |
| Sveitarfélagið Hornafjörður | 14,5% | 14,2% | 28,7% | 13 | 11 | 12 |
| Dalvíkurbyggð | 14,4% | 19,6% | 34,0% | 14 | 4 | 11 |
| **Sveitarfélagið Stykkishólmur** | **13,0%** | **6,6%** | **19,5%** | **15** | **21** | **18** |
| Vesturbyggð | 12,1% | 8,6% | 20,7% | 16 | 19 | 17 |
| Ísafjarðarbær | 11,0% | 11,7% | 22,7% | 17 | 14 | 16 |
| Strandabyggð | 8,4% | 8,6% | 17,0% | 18 | 18 | 20 |
| Skagafjörður | 7,1% | 6,1% | 13,2% | 19 | 22 | 22 |
| Akureyrarbær | 6,8% | 2,1% | 8,9% | 20 | 30 | 25 |
| Múlaþing | 6,3% | 2,7% | 8,9% | 21 | 28 | 26 |
| Vopnafjarðarhreppur | 6,3% | 32,4% | 38,6% | 22 | 1 | 6 |
| Tjörneshreppur | 6,3% | 0,4% | 6,7% | 23 | 49 | 29 |
| Norðurþing | 6,1% | 4,6% | 10,7% | 24 | 23 | 24 |
| Reykhólahreppur | 6,0% | 1,2% | 7,2% | 25 | 37 | 28 |
| Sveitarfélagið Ölfus | 5,7% | 9,5% | 15,3% | 26 | 17 | 21 |
| Húnabyggð | 5,1% | 0,6% | 5,7% | 27 | 44 | 34 |
| Svalbarðsstrandarhreppur | 5,0% | 1,2% | 6,2% | 28 | 36 | 32 |
| Hörgársveit | 4,9% | 1,7% | 6,6% | 29 | 33 | 30 |
| **Akraneskaupstaður** | **4,7%** | **3,7%** | **8,4%** | **30** | **24** | **27** |
| Suðurnesjabær | 4,7% | 12,9% | 17,5% | 31 | 12 | 19 |
| Eyjafjarðarsveit | 4,3% | 0,3% | 4,7% | 32 | 50 | 36 |
| **Hvalfjarðarsveit** | **3,4%** | **1,2%** | **4,6%** | **33** | **35** | **37** |
| Landið allt | 3,4% | 2,3% | 5,7% | 34 | 29 | 33 |
| Sveitarfélagið Árborg | 3,3% | 0,5% | 3,8% | 35 | 48 | 40 |
| Sveitarfélagið Vogar | 3,2% | 3,2% | 6,4% | 36 | 25 | 31 |
| Hveragerðisbær | 2,8% | 0,3% | 3,1% | 37 | 51 | 43 |
| Reykjanesbær | 2,6% | 2,8% | 5,4% | 38 | 26 | 35 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 2,0% | 0,1% | 2,1% | 39 | 60 | 45 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 2,0% | 1,0% | 3,0% | 40 | 41 | 44 |
| Árneshreppur | 2,0% | 0,0% | 2,0% | 41 | 62 | 46 |
| Kjósarhreppur | 1,9% | 2,0% | 3,9% | 42 | 31 | 38 |
| **Dalabyggð** | **1,8%** | **1,5%** | **3,3%** | **43** | **34** | **42** |
| Húnaþing vestra | 1,5% | 1,9% | 3,4% | 44 | 32 | 41 |
| Rangárþing eystra | 1,5% | 0,1% | 1,6% | 45 | 59 | 52 |
| Mosfellsbær | 1,5% | 0,3% | 1,8% | 46 | 52 | 49 |
| Bláskógabyggð | 1,3% | 0,2% | 1,5% | 47 | 53 | 54 |
| Kópavogsbær | 1,3% | 0,6% | 1,9% | 48 | 43 | 47 |
| Þingeyjarsveit | 1,2% | 2,7% | 3,9% | 49 | 27 | 39 |
| Garðabær | 1,2% | 0,5% | 1,7% | 50 | 46 | 51 |
| Ásahreppur | 1,2% | 0,0% | 1,2% | 51 | 61 | 56 |
| Flóahreppur | 1,0% | 0,5% | 1,5% | 52 | 47 | 53 |
| Reykjavíkurborg | 0,9% | 0,6% | 1,5% | 53 | 45 | 55 |
| Fljótsdalshreppur | 0,8% | 0,0% | 0,8% | 54 | 62 | 59 |
| **Borgarbyggð** | **0,8%** | **1,0%** | **1,8%** | **55** | **40** | **48** |
| Hrunamannahreppur | 0,7% | 0,1% | 0,9% | 56 | 54 | 58 |
| **Eyja- og Miklaholtshreppur** | **0,7%** | **11,2%** | **11,9%** | **57** | **15** | **23** |
| Seltjarnarnesbær | 0,6% | 1,2% | 1,8% | 58 | 38 | 50 |
| Mýrdalshreppur | 0,5% | 0,1% | 0,7% | 59 | 56 | 60 |
| Grímsnes- og Grafningshreppur | 0,5% | 0,1% | 0,6% | 60 | 55 | 61 |
| Rangárþing ytra | 0,4% | 0,6% | 1,0% | 61 | 42 | 57 |
| Skaftárhreppur | 0,2% | 0,1% | 0,3% | 62 | 58 | 62 |
| **Skorradalshreppur** | **0,0%** | **0,1%** | **0,1%** | **63** | **57** | **63** |

# 11 HEIMILDASKRÁ


Brazzel, J. M., & Hicks, W. W. (1968). Exports and regional economic growth: An evaluation of the economic base and staple models. *Land Economics, 44*(4), 503-510.

Fujita, M., Krugman, P., & Venables, A. J. (1999). *The spatial economy: Cities, regions, and international trade*. Cambridge: The MIT Press.

Grant, D. (1974). The staple theory and its empirical measurement. *Journal of Political Economy, 82*(6), 1249-1254.

Guild, R. L. (2000). Infrastructure investment and interregional development: Theory, evidence, and implications for planning. *Public Works Management Policy, 4*(4), 274-285. doi:10.1177/1087724x0044002

Isard, W. (1956). *Location and space-economy*. Cambridge: The M.I.T. Press.

Lloyd, P. E., & Dicken, P. (1977). *Location in space: a theoretical approach to economic geography*. London: Harper & Row.

McCann, P. (2001). *Urban and regional economics*. Oxford: Oxford University Press.

Moses, L. N. (1958). Location and the theory of production. *Quarterly Journal of Economics, 78*, 259-272.

Myrdal, G. (1957). *Economic theory and underdeveloped regions*. London: Methuen & Co.

Ohlin, B. (1967). *Interregional and international trade*. Cambridge: Harvard University Press.

Ricardo, D. (1817). *The principles of political economy and taxation*. London: John Murray.

Sigfús Jónsson. (1984). *Sjávarútvegur Íslendinga á 20. öld*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Sigurður Á. Snævarr & Jóhannes Á. Jóhannesson. (2020). *Árbók sveitarfélaga 2020*. Sótt á: https://www.samband.is/wp-content/uploads/2021/03/arbokinoll2021-a.pdf

Sigurður Á. Snævarr & Jóhannes Á. Jóhannesson. (2021). *Árbók sveitarfélaga 2021*. Sótt á: https://samband-islenskra-sveitarfelaga.cdn.prismic.io/samband-islenskra-sveitarfelaga/Zv8N8LVsGrYSwWjE_%C3%81rb%C3%B3ksveitarf%C3%A9laga2021.pdf

Sigurður Á. Snævarr & Jóhannes Á. Jóhannesson. (2022). *Árbók sveitarfélaga 2022*. Sótt á: https://samband-islenskra-sveitarfelaga.cdn.prismic.io/samband-islenskra-sveitarfelaga/Zv8NIbVsGrYSwWi8_%C3%81rb%C3%B3ksveitarf%C3%A9laga2022.pdf

Sigurður Á. Snævarr & Jóhannes Á. Jóhannesson. (2023). *Árbók sveitarfélaga 2023*. Sótt á: https://samband-islenskra-sveitarfelaga.cdn.prismic.io/samband-islenskra-sveitarfelaga/Zv8NIrVsGrYSwWi9_%C3%81rb%C3%B3ksveitarf%C3%A9laga2023.pdf

Sigurður Á. Snævarr & Jóhannes Á. Jóhannesson. (2020). *Árbók sveitarfélaga 2020*. Sótt á: https://www.samband.is/wp-content/uploads/2021/03/arbokinoll2021-a.pdf

Vífill Karlsson. (2007). Staðbundin margfeldisáhrif: Yfirlit kenninga og rannsókna. *Bifrost Journal of Social Science, 1*, 56-71.

Vífill Karlsson. (2012). *Transportation improvement and interregional migration.* (Ph.D.), University of Iceland, Reykjavik.

Vífill Karlsson. (2019). Ríkisstörf á Vesturlandi: Staðsetning þeirra vítt og breitt um landið og hlutfallslegur fjöldi á Vesturlandi og í einstökum sveitarfélögum þess. *Hagvísir Vesturlands, 19*(1), 1-35.

Vífill Karlsson. (2025a). *Ferðaþjónusta og útsvarstekjur sveitarfélaga*. Sótt á: https://ssv.is/wp-content/uploads/2025/04/Glefsa_4_2025_UtsvarsgrunnurSvfFerdathjonusta.pdf

Vífill Karlsson. (2025b). *Vægi sjávarútvegs í útsvarsgrunni sveitarfélaga*. Sótt á: https://ssv.is/wp-content/uploads/2025/03/Glefsa_2_2025_Veidigjald.pdf

Vífill Karlsson & Hrafnhildur Tryggvadóttir. (2024). Íbúakönnun landshlutanna 2023: Íbúar og mikilvægi búsetuskilyrða. *Deigla, 1*(1), 1-159. Sótt á: https://ssv.is/wp-content/uploads/2024/06/Ibuakonnun-landshlutanna-2023-nidurstodur.pdf

Weber, A. (1929). *Theory of the location of industries* (F. C.J., Trans.). Chicago: University of Chicago Press.

Þorkell Stefánsson. (2024). *Hvar eru ríkisstörfin? Fjöldi ríkisstarfa 31.12.24*. Sótt á: https://www.byggdastofnun.is/static/files/Starfagreining/31.12.2024/rikisstorf_31-12-2024.pdf

Þorleifur Óskarsson. (2002a). Saga Reykjavíkur í þúsund ár: 870-1870, fyrri hluti. Reykjavík: Iðunn.

Þorleifur Óskarsson. (2002b). Saga Reykjavíkur í þúsund ár: 870-1870, seinni hluti. Reykjavík: Iðunn.